

ÁRSSKÝRSLA 2010



LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS
HÁSKÓLABÓKASAFN



Bleikur föstudagur 8. október 2010.

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn: Ársskýrsla 2010.

Ritstjórn: Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir.

Umbrot: Erla Bjarnadóttir.

Forsíðumynd er hluti af verkinu Mannsandinn: Fortíð – Nútíð – Framtíð eftir Leif Breiðfjörð, sem var gert í tilefni af opnun safnsins 1994.

Myndirnar eru teknar af starfsmönnum myndastofu, Helga Bragasyni og Sveinbjörgu Bjarnadóttur.

EFNISYFIRLIT

FRÁ LANDSBÓKAVERÐI	4
Árangurssamningur	4
STJÓRNSÝSLA.....	6
Innra starf.....	6
Samskipti við Háskóla Íslands.....	9
Innlent samstarf.....	10
Erlent samstarf.....	12
SKIPURIT.....	15
REKSTRARSVIÐ	16
Fjármál	16
Starfsmenn	16
Vefstjórn.....	17
Tölvurekstur	18
Upplýsingatæknihópur.....	18
Kynning og sýningar	19
Rekstur húss og lóðar	21
VARÐVEISLUSVIÐ.....	22
Handritadeild.....	22
Þjóðdeild.....	24
Skylduskil.....	24
Íslensk skráning, lyklun og flokkun.....	25
Þjónusta og umönnun efnis	25
Sérsöfn	25
Bókband og forvarsla	26
Myndastofa.....	26
ÞJÓNUSTUSVIÐ.....	27
Upplýsingadeild	28
Upplýsingaþjónusta.....	28
Útibú	29
Tímaritahald	29
Millisafnalán.....	30
Útlánadeild	31
Notendaþjónusta – afgreiðsla.....	31
Námsbókasafn.....	32
Erlend skráning, lyklun og flokkun	32
Aðföng.....	32
ÁRSTÖLUR	34
Notendur og þjónusta	34
Safnkostur og rekstur	38



Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn er þekkingarveita í allra þágu. Safnið veitir íslensku samfélagi þjónustu á öllum sviðum vísinda og fræða. Það er í forystu um öflun, varðveislu og miðlun upplýsinga og eflir þannig menningu, rannsóknir og nýsköpun.

Kreppan í kjölfar bankahrunsins 2008 og niðurskurður í ríkisrekstri hafði mikil áhrif á rekstur safnsins líkt og á síðasta ári. Framlög á fjárlögum voru skorin niður um 6.5%. Jafnframt hækkuðu öll aðföng til safnsins en stærsti einstaki liðurinn var Landsaðgangur að stafrænum gagnasöfnum og tímaritum. Gengið var frá nýjum samningum vegna Landsaðgangs vegna áranna 2010-2012. Krónan var heldur jákvæðari en gert var ráð fyrir í áætlunum en líkt og á síðasta ári var reynt að hagræða og spara í rekstri safnsins og niðurstaða rekstrarreiknings fyrir 2010 endaði réttu megin við strikið. Ekki var ráðið í störf nema brýna nauðsyn bæri til og fækkaði ársverkum enn um þrjú. Ferðir, endurmenntun og ráðstefnur voru í lágmarki. Frestað var endurnýjun notendatölva en hins vegar þurfti að ráðast í viðhald og endurnýjun ýmiskonar búnaðar í safninu sem orðinn er úreltur. Má þar nefna að skipulag prentara og ljósrítunarvéla var endurskoðað og í kjölfarið hefur prentun dregist verulega saman. Þá voru sértekjur hærri en reiknað hafði verði með, s.s. styrkir og greiðslur fyrir stafræna endurgerð.

Meðal stórra verkefna á árinu var endurskoðun á skipuriti safnsins. Vinna hófst á haustmánuðum og var nýtt skipurit samþykkt af stjórn safnsins í desember. Jafnframt var reglugerð safnsins breytt.

ÁRANGURSSAMNINGUR

Í samræmi við árangurssamning milli safnsins og menntamálaráðuneytisins frá 2005 hefur verið lögð

áhersla á stöðu safnsins sem þekkingarveitu. Í mars var haldinn fundur með ráðuneytinu þar sem farið var yfir helstu atriði samningsins. Áherslurnar eru einkum tvenns konar, *Stafrænt þjóðbókasafn* og *Stafrænt rannsóknabókasafn*. Á árinu var unnið að eftirtöldum verkefnum í þessum málaflokkum:

STAFRÆNT ÞJÓÐBÓKASAFN

Stafræn endurgerð íslensks efnis

Lokið var við stafræna endurgerð íslenskra dagblaða fram til ársins 2000 en verkið hefur tekið um þrjú ár. Verkefnið fékk þriggja ára styrk frá Alþingi og var það að mestu unnið á Akureyri. Unnið var að nokkrum kostuðum verkefnum þannig að unnt var að vinna við myndun efnis allt árið bæði í Reykjavík og á Akureyri. Heildarfjöldi myndaðra blaðsíðna á *timarit.is* er nú 3.6 (3.3) milljónir. Nær allt efnið hefur nú verið ljóslesið en það gerir leit í efni blaðanna mögulega. Vefurinn var tilnefndur til íslensku vefverðlaunanna í febrúar 2010. Vefurinn *handrit.is* var opnaður 21. apríl en hann er samstarfsverkefni safnsins og Árnastofnana í Reykjavík og Kaupmannahöfn. Þar verður samskrá yfir íslensk handrit og stafræn endurgerð þeirra. Um 1200 handrit hafa verið mynduð, alls um 300 þúsund blaðsíður. Meginhluti þeirra er úr safni Reykjavíkurdeildar hins íslenska Bókmenntafélags (ÍBR) og safni Jóns Sigurðssonar (JS). Vefurinn hlaut 1. verðlaun í Hagnýtingarsamkeppni HÍ í nóvember 2010. Þá var vefurinn *bækur.is* opnaður 1. desember en þar eru nú um 120 rit en mörg þeirra eru fjölbindaverk. Myndaðar blaðsíður eru um 85 þúsund.

Móttaka og söfnun stafræns íslensks efnis

Vefsafn.is var opnað 2009 og er íslenskum vefsíðum safnað reglulega. Afrit af vefsafninu er hýst hjá Skýrr hf. Nú eru rúmlega 1200 (1000) milljónir skjala í safninu. Fjöldi vefsetra sem tilheyra .is voru í árslok um 30.000 (26.600) og magnið um 25 (15.6) terabæt. Safnið tekur þátt í alþjóðlegu samstarfi um varðveislu vefsins, International Internet Preservation Consortium (IIPC) og á sæti í stjórn og tekur þátt í vinnuhóp um söfnun vefsíðna.

Safnið rekur *skemman.is* sem er opið (Open Access) geymslusafn fyrir námsritgerðir nemenda og rannsóknarit starfsmanna háskóla. Verkefnið fór af stað sem samstarfsverkefni Háskólans á Akureyri og Kennaraháskóla Íslands, en aðrir háskólar hafa bæst við nema Háskólinn á Hólum. Nú eru í

Skemmuni rúmlega 7000 (3952) verk eftir 7900 (4645) höfunda.

Rafhladan.is er einnig geymslusafn sem sett var upp í árslok 2009 í þeim tilgangi að taka á móti íslensku efni sem verður til stafrænt á pdf-formi s.s. dagblöðunum, vefritum, skýrslum o.fl. Efnið er sótt af starfsmönnum safnsins en einnig er unnið að því að þróa skil á efni fyrir stofnanir sem gefa út rafrænt efni sem eingöngu er birt á vef t.d. mennta- og menningarmálaráðuneytið og Orkustofnun. Safnið er enn í þróun og hefur ekki verið opnað. Tekið er á móti stafrænum gögnum á pdf-formi til varðveislu á netfanginu rafhladan@landsbokasafn.is.

Tilraunaverkefni hefur verið unnið með tónlistar efni innan safnsins, þar sem efni af heima-brenndum geisladiskum var afritað í gagnagrunn. Gæði diskanna eru afar misjöfn og því var ekki vitað um endingu. Einnig var afritað ýmiskonar kynningarefni af diskum sem var afhentir voru safninu frá tónlistarhátíðinni Icelandic Airwaves. Áhugi er fyrir samstarfi um áframhaldandi vinnu við tónlistararfinn.

STAFRÆNT RANNSÓKNABÓKASAFN

Landsaðgangur

Á árinu 2010 tókst að tryggja fjármögnun Landsaðgangs. Gerðir voru nýir samningar við birgja vegna árána 2010-2012 og litlar breytingar urðu á því efni sem aðgangur er að. Endurskoða þarf fjármögnun og skipulag verkefnisins til framtíðar. Krækjukerfi og tímaritalistar SFX Classic var notað fyrir Landsaðgang og háskólasamfélagið en þar eru aðgengilegar rafrænar tímaritaáskriftir Landsaðgangs og allra háskólabókasafnanna. Auk þess var unnið að því að gera efni í Landsaðgangi leitarbært í Gegni. Notkun á efni Landsaðgangs eykst ár frá ári en þó ekki í sama mæli og í fyrstu.

Vefir safnsins

Sífelld er unnið að því að bæta aðgengi að efni safnsins á vef og veita upplýsingar um þjónustuna. Vefumsjónarkerfið CMS Made Simple var tekið í notkun 2008 og áfram var unnið að endurskoðun vefja safnsins í átt að samræmdu útliti, leiðakerfi og virkni og að auðvelt verði að ferðast á milli þeirra. Við endurskoðun vefjanna er tekið mið af þeim áherslum sem liggja til grundvallar úttekum á vefsíðum opinberra stofnana á Íslandi sem fyrirtækið Sjá ehf. hefur framkvæmt. Unnið er eftir staðlinum WCAG 2.0 (Web Content Accessibility Guidelines) fyrir aðgengi fatlaðra og sjónskertra að vefsíðum. Í árslok voru vefir safnsins fjórtán talsins og eru sumir þeirra samstarfsverkefni og hafa sitt sérstaka útlit. Af þeim vefjum má nefna að unnið var að endurskoðun *skemman.is* og vefurinn *hand-*

rit.is var opnaður í apríl. Vefur Kvennasögusafns var einnig færður í vefumsjónarkerfið CMS og fékk nýtt útlit. Einnig var unnið að uppfærslu vefs Landsaðgangs, *hvar.is*. Nýr vefur *bækur.is* var opnaður í útlitsþema safnsins í desember. Vefurinn *timarit.is* var lyklaður í leitarvélinni Google og við það jókst umferð um vefinn verulega. Hann er nú með vinsælustu vefja landsins. Vinsældir Skemmunar hafa einnig komið á óvart en mikið er vísað í þá síðu frá öðrum lénum. Safnið er með Facebook síðu sem er notuð til að kynna viðburði og breytingar í starfsemi og handritadeild er einnig með síðu á Facebook. Auk þess er tón- og myndasafn með MySpace síðu í því skyni að kynna starfsemi sína, til að safna efni og setja sig í samband við íslenska tónlistarmenn sem gefa út verk sín á netinu. Þó nokkur fjöldi fólks tengist þessum síðum. Þá geta notendur Uglunnar, innri vefs Háskóla Íslands, bætt safninu við forsíðuna hjá sér, fengið fréttir safnsins eða tengla á helstu úrræði í heimildaleit.

Opinn aðgangur (Open Access)

Norræna verkefnið Nordbib, um þróun opins aðgangs að vísinda og rannsóknarupplýsingum (Open Access) var framlengt og í skoðun er framhaldsverkefni á norrænum vettvangi. Vefurinn *open-access.is* sem er upplýsingasíða safnsins um opinn aðgang var opnað í mars. Markmiðið með síðunni er að kynna og veita upplýsingar um opinn aðgang að vísindalegri útgáfu. Þar er að finna tengla við ýmsar síður sem snerta opinn aðgang ásamt greinum um opinn aðgang á íslensku og öðrum málum. Einnig opnað samstarfshópur um OA síðuna *Opinn aðgangur að vísindapekkingu* á Fésbókinni. Málþing um Open Access var haldið 13. apríl í safninu með stuðningi frá Rannís og Menntamálaráðuneyti. Um 80-90 manns sóttu þingið sem var sent út beint með e-mission kerfi safnsins. Sérstakur gestur var Dr. Peter Suber prófessor við Berkman Center for Internet and Society, við Harvard háskóla og flutti hann erindið *Open Access Policies for Icelandic Universities*. Þá var einnig haldinn sérstakur fundur með Peter Suber og ýmsum hagsmunaaðilum í Rannís varðandi innleiðingu OA á Íslandi, og annar fundur með menntamálaráðherra og starfsmönnum menntamálaráðuneytisins. Í stefnu HÍ 2011 – 2016 sem samþykkt var í des. 2010 er gert ráð fyrir að skólinn móti sér stefnu um opinn aðgang að rannsóknaniðurstöðum og lokaverkefnum. Vinna er þegar hafin í samvinnu við safnið.

Í ársskýrslunni er fjallað um helstu verkefni sem unnin voru innan safnsins, auk þess sem birtar eru töflur um árangursmælingar og lykiltölur um starfsemi og helstu niðurstöðutölur rekstrarreiknings.

Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir
landsbókavörður

STJÓRN

Þar til í október sátu í stjórn safnsins Hörður Sigur-
gestsson formaður, skipaður af menntamálaráð-
herra, Rögnvaldur Ólafsson og Birna Arnbjörns-
dóttir skipuð að tilnefningu háskólaráðs Háskóla
Íslands, Magnús Jónsson að tilnefningu vísinda-
nefndar Vísinda- og tækniráðs og Eydís Arnviðar-
dóttir að tilnefningu Upplýsingar. Í varastjórn voru
Sigrún Magnúsdóttir, Snorri Þór Sigurðsson, Arn-
fríður Guðmundsdóttir, Jóhanna Einarsdóttir og
Anna Torfadóttir. Er þeim þakkað fyrir ánægjulegt
og gefandi samstarf.

Skipunartími nýrrar stjórnar er frá 16. nóvember
2010 til 30. september 2014. Í henni sitja Vésteinn
Ólason formaður, skipaður af menntamálaráð-
herra, Rögnvaldur Ólafsson og Anna Agnarsdóttir
tilnefnd af háskólaráði Háskóla Íslands, Kristín
Svavarsdóttir tilnefnd af vísindanefnd Vísinda- og
tækniráðs og Erna Björg Smáradóttir tilnefnd af
Upplýsingu. Varamenn eru Sólveig Ólafsdóttir,
Arnfríður Guðmundsdóttir, Guðmundur Freyr
Úlfarsson, Magnús Gottfreðsson og Sveinn Ólaf-
sson. Fulltrúi starfsmanna er Ragna Steinarsdóttir
en varamaður hennar er Rannver H. Hannesson.
Stjórnarfundi sátu einnig landsbókavörður og fjár-
málastjóri safnsins. Haldnir voru 9 stjórnarfundir á
árinu. Fundargerðir stjórnar eru birtar á *Inngangi*,
innri vef safnsins og sendar menntamálaráðu-
neytinu.

FRAMKVÆMDARÁÐ

Framkvæmdaráð hittist að jafnaði vikulega en þar
er miðlað upplýsingum, verkefni samhæfð og fjall-
að um rekstur safnsins. Í framkvæmdaráði sitja
landsbókavörður, aðstoðarlandsbókavörður, sviðs-
stjórnar varðveislu- og þjónustusviðs og fjármála-
stjóri sem er jafnframt sviðsstjóri rekstrarsviðs.
Framkvæmdaráð fundaði 31 sinnum á árinu og eru
fundargerðir birtar á *Inngangi*.

INNRA STARF

REKSTRARÁÆTLUN

Framlag til safnsins á fjárlögum 2010 var 658 millj.
kr. Við það bættust síðan framlag HÍ vegna rita-
kaupa, innheimta vegna Landsaðgangs, sérstakt
framlag ríkisins vegna Landsaðgangs vegna gengis-
falls krónunnar, þannig að heildartekjur safnsins
voru 982 millj. kr. Nokkuð meira var um viðhalds-
verkefni á árinu en ráð var fyrir gert, en ýmis
búnaður í húsinu er að komast á tíma. M.a. var

ENDURSKOÐUN LAGA UM LANDSBÓKA- SAFN ÍSLANDS – HÁSKÓLABÓKASAFN

Í menntamálaráðuneytinu var unnið að endur-
skoðun frumvarps til laga um Landsbókasafn Ís-
lands – Háskólabókasafn sem lagt var fram á Al-
þingi haustið 2008. Ráðuneytið gaf út í árslok nýja
reglugerð nr. 1078/2010 um breytingar á reglugerð
um safnið nr. 706/1998 með áorðnum breytingum.
Skv. henni eru starfseiningar í safninu skilgreindar
af landsbókaverði að fengnu samþykki stjórnar
safnsins. Einnig er bætt við málsgrein um inn-
heimtu sekta vegna vanskila.

STEFNUMÓTUN

Jafnréttisáætlun safnsins var endurskoðuð í ljósi
nýrrar stefnu safnsins *Þekkingarveita í allra þágu*
og með samþættingu jafnréttissjónarmiða í huga.
Einnig var endurskoðuð starfsmannastefna. Bæði
skjölín eru aðgengileg á innri og ytri vef.

ENDURMAT SKIPURITS

Unnið var að endurmati skipurits seinni hluta árs í
samræmi við stefnu safnsins. Fyrirtækið Stjórn-
hættir ehf var fengið til ráðgjafar og aðstoðar við
vinnuna. Tekin voru viðtöl við hluta starfsmanna,
bæði stjórnendur og almenna starfsmenn, og í
framhaldi fór fram greiningarvinna. Lagðar voru
fram fjórar tillögur og hlaut ein þeirra mestan
hljómgrunn. Settur var á fót vinnuhópur meðal
stjórnenda safnsins og unnið áfram með tillöguna.
Þar var gert ráð fyrir fjórum fagsviðum og undir-
liggjandi rekstrarsviði. Skipting í fagsviðin, aðföng –
varðveisla – miðlun – þjónusta kallast á við hlut-
verk safnsins eins og þau eru skilgreind í stefnunni
Þekkingarveita í allra þágu. Niðurstaða skipurits-
vinnunnar var kynnt öllum starfsmönnum í des-
ember og nýtt skipurit tók gildi 1. janúar 2011.

unnið að endurnýjun og viðgerð á loftræsikerfum
aok þess sem þau voru endurstíllt, skjámyndakerfi
fyrir loftræsi- og lagnakerfi var uppfært, öryggis-
myndavélar voru endurnýjaðar og þeim fjölgað, nýr
netþjónn var settur upp auk þess sem prentara-
málin voru endurskoðuð og settar upp prent-
stöðvar á hverri hæð.

VERKEFNAÁÆTLANIR

Unnar voru verkefnaáætlanir fyrir hvert svið eins og venja er. Alls voru 230 verkefni á áætlun. Fylgst er með framvindu verkefna á hverjum ársfjórðungi og í árslok er árangur metinn, hvað hefur áunnist, hvað hefur ekki tekist og hvers vegna. Lokið var við um 54% verkefna, en um 20% voru enn í vinnslu en á áætlun í árslok. Önnur verkefni voru ýmist ekki á áætlun, í bið eða hætt var við þau.

FRÆÐSLUÁÆTLANIR

Fræðsluáætlanir voru unnar fyrir veturna 2009-2010 og 2010-2011. Á árinu sinnti starfsfólk safnsins fræðslunni að mestu leyti. Sem dæmi um námskeið má nefna að Rekstrarsvið hélt þrjár starfskynningar, haldin voru fjögur excel námskeið, EndNote námskeið og tvö námskeið í vefumsjónarkerfinu CMS. Tvö námskeið í skyndihjálpu voru haldin auk námskeiðs um hollmeti og heilsurækt og fyrirlestur um starfsanda og starfsánægju var haldinn í lok árs. Þar að auki gerir safnið þá kröfu til margra starfsmanna að þeir haldi sér við í sínu fagi og kostar námskeið og fræðslu fyrir þá bæði innanlands og utan. Allmargir starfsmenn safnsins stunda nám eða sækja sér endurmenntun á eigin vegum. Reynt er að koma til móts við þá með sveigjanlegum vinnutíma eða lækkuðu starfshlutfalli, sérstaklega ef að námið nýtist viðkomandi í starfi eða bætir við þekkingu í safninu.

RANNSÓKNARLEYFI

Enginn starfsmaður fór í rannsóknarleyfi á árinu.

RÁÐSTEFNUR, MÁLÞING, FUNDIR

Námskeið fyrir nema í bókasafns- og upplýsingafræði

Dagana 7.-13. janúar var haldið námskeið um safnið fyrir námsbraut í bókasafns- og upplýsingafræði við HÍ. Nemendur voru rúmlega 30, bæði á BA-stigi og meistarastigi MLIS. Nemendur fá kynningu á starfseminni og fara í skoðunarferðir um safnið og ljúka námskeiðinu með skilum á hópverkefni. Námskeiðið er haldið annað hvert ár.

Málþing um opinn aðgang að rannsóknauplýsingum

Málþing um opinn aðgang að rannsóknauplýsingum (Open Access) var haldið 13. apríl í fyrirlestrarsal Þjóðarbókhöðu. Þingið sóttu um 80-90 manns og þótti takast vel. Aðalfyrirlesari var Dr. Peter Suber prófessor við Berkman Center for Internet and Society við Harvard háskóla og flutti hann erindið *Open Access Policies for Icelandic Universities*. Stuðningsaðilar við málþingið og

heimsókn Peter Suber voru Háskóli Íslands, Háskólinn á Bifröst, Landbúnaðarháskóli Íslands, Listaháskóli Íslands, Rannís og Menntamálaráðuneytið.

Erindi um stafræna varðveislu

Jeremy York frá HathiTrust Digital Library hélt erindi í fyrirlestrarsal Þjóðarbókhöðu 5. ágúst, sem hann nefndi *Digital Preservation, HathiTrust, and the Re-imagination of the Library Landscape*. HathiTrust er samvinnuverkefni margra bandarískra háskóla og háskólabókasafna um varðveislu og miðlun efnis í stafrænni endurgerð. Verkefnið hófst 2008 og nú þegar eru tæplega 6.5 milljónir gagna komin í safnið. Meðal þátttakenda eru Columbia University, University of California, University of Chicago, University of Michigan, Yale University og Northwestern University. Auk þess hefur New York Public Library gengið til liðs við samtökin. Samtökin eru að færa út kvíarnar og óska nú eftir samvinnu við háskóla utan Bandaríkjanna.

Málþing um varðveislu landfræðilegra gagna

Málþing um varðveislu landfræðilegra gagna var haldið í fyrirlestrarsalnum 23. sept. Að þinginu stóðu Lbs-Hbs og Þjóðskjalasafn í samvinnu við LÍSU, samtaka um landupplýsingar. Undanfarið hefur starfað samráðshópur á vegum þessara aðila og undirbjó hann þingið. Fulltrúi safnsins er Jökull Sævarsson en hann fjallaði um kortasafn Lbs-Hbs og kortavefinn á málþinginu og Rannver Hannelsen fjallaði um varðveislu korta.

Fræðslufundur skrásetjara

Fræðslufundur skrásetjara Gagnis var haldinn 26. nóvember og sóttu hann 60-70 manns. Á fundinum var fjallað um skráningarreglur framtíðarinnar (RDA), skráningu rafræns efnis, hljóðbækur, færsluveiðar, *Handbók skrásetjara Gagnis* (Hask), Deweykerfið í vefútgáfu og hugsanlega samlagsáskrift.

Fræðslufundur Upplýsingar

Mánaðarlegir fræðslufundir Upplýsingar, félagsbókasafns- og upplýsingafræða voru haldnir í fyrirlestrarsal safnsins veturinn 2010-2011. Þá hélt félagið hálf dags námskeið í kennslustofunni um uppbyggingu safnkosts m.a. aðfangastefnu, innkaupastefnu og grisjunaráætlanir.

ÖRYGGISMÁL

Öryggismyndavélar voru endurnýjaðar og þeim fjölgað og hreyfiskynjarar í innbrotakerfi hússins voru endurnýjaðir. Þar sem safnið byggir starfsemi sína í sífellt meira mæli á upplýsingatækni, þá

skiptir máli að kerfisumsjón sé auðveld og örugg. Settur var upp netþjónn sem sér um miðlæga stjórnun á þeim tölum sem safnið rekur og jafnframt umsjónarkerfi sem heldur utan um beiðnir og vöktun á tölunum. Ýmsar prófanir voru gerðar með vöktunarforrit s.s. fyrir ástand netþjóna, álag og umferð til og frá safninu og nettengda prentara. Þá var afritunarkerfi safnsins endurnýjað, auk þess sem skipt um varaafgjafa og er uppitími í rafmagnsleysi nú rúmlega tvær klukkustundir.

SKJALASTJÓRN

Nú hafa 36 starfsmenn aðgang að skjalastjórnarkerfinu GoPro.net, sem er í útgáfu 1.6. Alls voru stofnuð 233 (316) mál í GoPro árið 2010. Erla Bjarnadóttir á skrifstofu landsbókavardar sér um skjalamál og að ganga frá eldri skjölum í geymslu. Settir voru upp þrjár File-Maker gagnagrunnar frá Þjóðskjalasafni fyrir geymsluskráningu, einn fyrir Landsbókasafn Íslands, einn fyrir Háskólabókasafn og einn fyrir sameinað safn frá 1994. Unnið var að pökkun og frágangi á skjölum Háskólabókasafns, auk skráningar í geymsluskrána.

ÚTGÁFA

Stefnt er að því að útgáfan verði sem mest í raf-rænu formi. Bæklingar og kynningarefni er unnið í prentuðu formi, en flestir bæklingar eru aðgengilegir á vef safnsins á pdf-sniði, allar ársskýrslur safnsins frá 1994, sýningarskrár frá 2007 og *Árbók Landsbókasafns 1945-1994* er aðgengileg á *timarit.is*. Þá geta starfsmenn safnsins sett greinar á *skemman.is*.

VEFMÆLINGAR

Modernus sá um talningu á 14 vefjum safnsins en fyrirtækið hefur framkvæmt mælingarnar frá því í október 2004. Aukning varð á notkun vefjanna á árinu, en heildarfjöldi notenda var um 800 (544) þúsund, 1.25 (0.862) millj. innlit og um 9.9 (6.7) millj. síðuflettinga. *Timarit.is* er langvinsælasti vefurinn en *skemman.is* sækir verulega á og er í öðru sæti. Þá kemur aðalvefurinn og *hvar.is*.

Í VIKULOKIN

Landsbókavörður sendir reglulega út pistla undir heitinu *Í vikulokin*. Pistlarnir eru sendir á alla starfsmenn og stjórn safnsins og starfsmenn bókasafns Menntavísindasviðs. Tilgangurinn er að draga saman það helsta sem gerst hefur undanfarna viku og veita upplýsingar um þau verkefni sem verið er að vinna að í safninu og samskipti við aðila utan

safns. Alls voru sendir út 42 vikulokapistlar á árinu og er þeim jafnframt safnað á Inngang.

STARFSMANNAFUNDIR

Tveir almennir starfsmannafundir voru haldnir á árinu:

28. apríl var fjallað um fjárhagsmálefni safnsins og árangur við niðurskurð auk þess sem kynnt var endurskoðuð starfsmannastefna, jafnréttisáætlun og reglur um tölumál. Þá voru kosningar um fulltrúa starfsmanna og varamanns í stjórn safnsins, tvo fulltrúa starfsmanna í Öryggisnefnd og þrjá fulltrúa í siðanefnd. Að lokum var fjallað um fjölskyldudag í maí.

19. október var fjallað um endurmat skipurits og kynntar voru fjórar tillögur um nýtt skipurit. Auk þess var fjallað um fjárhagsmálefni safnsins og fjárheimildir í frumvarpi til fjárlaga 2011.

FJÖLSKYLDUDAGUR

Fjölskyldudagur var haldinn 20. maí og bauð starfsfólk fjölskyldum og vinum í heimsókn. Fólk gat sýnt vinnuaðstöðu sína og boðið var upp á skipulagðar ferðir um safnið og heimsóknir á nokkra staði. Þá var opnað barnabókahorn, sem er nýlunda í safninu, og fólk gat skoðað dagblöðin á *timarit.is* og prentað út forsiður frá fæðingardegi sínum. Einnig var boðið upp á kakó og köku í veitingastofunni. Hátt í hundrað gestir komu og voru allir ánægðir, en mest spennandi var skoðunarferð um loftræsiggöngin og kjallarann og ferð í handritadeild þar sem sýnd voru áhugaverð handrit. Sjá mynd á bls. 24.

STARFSMANNAFÉLAGIÐ HLÖÐVER

Í stjórn Hlöðvers 2010-2011 voru: Áki G. Karlsson, Bryndís Ingvarsdóttir, Laufey Jóhannesdóttir, Soffía Bjarnadóttir og Vigdís Edda Jónsdóttir. Félagið stóð fyrir ýmsum uppákomum á árinu m.a. nýársgleði, vorferð á Reykjanes, grillveislu við Bóklöðuna, menningargöngu um miðbæ Reykjavíkur, auk þess sem félagið stóð nokkrum sinnum fyrir spurningakeppninni BarSvari í kaffistofunni á 2. hæð. Þá kom út eitt tbl. af tímaritinu *Hlöðver*.

MÖTUNEYTI

Cesar veitingar undir stjórn Ægis Finnbogasonar sáu um rekstur mötuneytis fyrir starfsmenn og kaffistofu á 2. hæð og sáu einnig um fundi og mót-tökur á vegum safnsins. Fyrirtækið sá einnig um mat í Tæknigarði.

SAMSKIPTI VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS

SAMSTARFSSAMNINGUR OG SAMSTARFS-NEFND

Nýr samstarfssamningur Háskóla Íslands og safnsins var undirritaður 16. des. 2009. Tveir nýir fulltrúar frá HÍ voru tilnefndir í samstarfsnefnd í lok ársins, þeir Halldór Jónsson sviðsstjóri Vísindasviðs og Sigurður J. Hafsteinsson fjármálastjóri.

HÁSKÓLAÞING

Háskólaþing kom tvisvar saman á árinu. Þann 7. maí fjallaði þingið um árangur af stefnu HÍ 2006-2011 og ræddi undirbúning nýrrar stefnumörkunar fyrir 2011-2016, þá voru kosnir fulltrúar í háskólaráð og rætt var um umfjöllun um háskólasamfélagið í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008. Þann 7. desember fjallaði háskólaþing um drög að stefnuskjali fyrir árin 2011-2016.

SAMRÁÐ UM STEFNU HÍ

Við undirbúning nýrrar stefnu HÍ var haft samráð við fjölmarga aðila, m.a. Lbs-Hbs. Í nóvember fundu starfsmenn HÍ og safnsins um þau atriði sem safnið hafði áhuga á að koma inn í stefnuna. Rætt var um opið aðgengi að vísindaupplýsingum (Open Access) og að skólinn marki sér stefnu á því sviði, skrifi undir alþjóðlegar yfirlýsingar o.fl. Einnig var rætt um Skemmuna og þróun hennar, kaup á rafrænu efni og Þjóðarboðklöðuna sem rannsóknaveitvang. Flest þau mál sem rædd voru eru með einum eða öðrum hætti í endanlegri útgáfu stefnunnar.

SKEMMAN OG SKIL NÁMSRITGERÐA Á STAFRÆNU FORMI

Rekstur Skemmunnar var færður til safnsins árið 2009. Háskólinn í Reykjavík gerðist aðili að Skemmunni um mitt árið og lokið var við að tengja þá skóla sem eiga aðild að safninu. Skólarnir skipta með sér kostnaði við hýsingu kerfisins og rekstur. Skemman byggir á hugbúnaðinum DSpace og var útlit og skipulag endurskoðað á árinu. Nýjung var að allt efni Þjóðarspegilsins: rannsókna í félagsvísindum við HÍ var birt í Skemmunni í stað þess að gefa það út á pappír. Þróun Skemmunnar er stjórnað af verkefnisstjórn sem í sitja fulltrúar allra samningsaðila.

ÚTIBÚ

Útibúum safnsins í húsnæði HÍ fækkar. Í lok árs 2009 var ákveðið að leggja niður útibúin í Árna-garði og VRIL. Í báðum tilvikum vantaði rými fyrir framhaldsnema og þar sem mikilvægasta efni útibúanna er orðið aðgengilegt rafrænt var ákveðið að breyta um áherslur. Hluti efnisins var fluttur í safnið en öðru fargað. Stærðfræðibókasafn og skylt efni var flutt í Tæknigarð.

STÚDENTARÁÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS

Tveir fundir voru haldnir með hagsmunanefnd stúdenta. Í samráði við stúdentaráð er afgreiðslutími í prófum lengdur um nokkra klukkutíma. Mælanleg aukning er á notkun lessæta í safninu á þeim tíma.



INNLENT SAMSTARF

HÁSKÓLABÓKAVERÐIR

Háskólabókaverðir hittast reglulega og á árinu voru haldnir þrjú fundir, í bókasafni Landspítalans, bókasafni Háskólans í Reykjavík og bókasafni Háskólans á Akureyri. Meðal helstu mála sem rædd voru má nefna: málefni Landsaðgangs, Skemmuna, skráningu lokaritgerða í Gegni, opinn aðgang að rannsóknarupplýsingum, hugbúnað til varnar ritstuldi, rafbækur o.fl.

LANDSKERFI BÓKASAFNA

Starfsmenn safnsins taka mikinn þátt í vinnu við þróun og uppfærslur Gegnis og sérfræðingar frá safninu sjá um og taka þátt í kennslu á námskeiðum á vegum Landskerfis bókasafna. Landsbókavörður fer með hlut ríkisins í stjórn fyrirtækisins. Á vegum Landskerfis starfa Skráningarráð og Efnisorðaráð. Fulltrúi safnsins í Skráningarráði er Sigrún Jóna Marelsdóttir en Hildur Gunnlaugsdóttir gæðastjóri Gegnis situr einnig fundi ráðsins. Í Efnisorðaráði situr Ragna Steinarsdóttir af hálfu safnsins. Lbs-Hbs hefur, í samvinnu við bókasöfn landsins, tekið við allri efnisorðavinnu í Gegni.

Samþætt leitarvél fyrir Ísland

Unnið var áfram að verkefninu Samþætt leitarvél fyrir Ísland og miðaði því vel. Uppsetningarvinnu vegna Primo kerfisins lauk í maí og í framhaldi tók við innleiðingarvinna hjá Landskerfi í samstarfi við Konunglega bókasafnið í Kaupmannahöfn. Samþættingu Primo og Gegnis lauk í ágúst og undirbúningur hélt áfram út árið.

Millisafnalánabáttur

Í október var opnaður nýr millisafnalánabáttur í Gegni en unnið hafði verið að verkefninu frá ársbyrjun. Nýi þátturinn auðveldar lán milli safna í gegnum kerfið. Ásýnd og verklag í starfsmanna-aðgangi er gjörbreytt og hefur nú sama útlit og aðrir kerfisþættir. Verkferlar hafa verið einfaldaðir og sjálfvirkni í vinnslu beiðna aukin. Vefaðgangur að *gegnir.is*, breyttist einnig en síðum fyrir pantanir var fækkað og nýjum síðum bætt við. Átta söfn eru skilgreind sem millisafnalánasöfn hér á landi en væntanlega munu fleiri bætast í hópinn. Verkefnishópur starfaði allt árið og í lokin var þriggja daga námskeið fyrir starfsfólk viðkomandi safna.

Aukinn sýnileiki rafræns efnis

Rafrænt efni varð leitarbært í Gegni með lykluð bókfræðigrunnins og sett var inn sérstök mynd fyrir rafrænt efni í leitarniðurstöðum þannig að notandinn sér strax hvað er rafrænt. Þá er kominn sérstakur sýndargrunnur fyrir stafrænt efni á forsíðu gegnir.is.

Gæðahópur

Gæðahópur Gegnis hélt áfram starfi sínu á árinu en markmiðið er að auka gæði bókfræðiupplýsinga í Gegni og stuðla að aukinni skilvirkni í leitum og skráningu. Í hópnum sitja Ragna Steinarsdóttir og Hildur Gunnlaugsdóttir af hálfu safnsins. Hópurinn vann m.a. að endurlyklun bókfræðigrunnis, nafnmyndastjórn, kerfiskeyrslum, tölfræði og efnisorðum.

HASK - Handbók skrásetjara Gegnis

Handbók skrásetjara Gegnis, sem starfsmenn safnsins sjá um, var uppfærð tvisvar á árinu. Umferð um vefinn hask.bok.hi.is er talin eins og á öðrum vefjum safnsins.

SFX

Nokkur háskólasöfn hafa notað SFX frá árinu 2009 en grunnupplýsingar um áskriftir í Landsaðgangi eru í kerfinu auk upplýsinga um séráskriftir hvers skóla. SFX er krækjakerfi sem býr til krækju á efni í rafrænum aðgangi. Ef notandi hefur ekki aðgang að efninu fylgja upplýsingar um hvernig er hægt að nálgast það. SFX má einnig nota sem tímaritalista og til að setja fram leitarniðurstöður, til dæmis í samleitarkerfi. Hægt er að leita að tímaritum bæði eftir titlum þeirra og efni. Á árinu var kerfið uppfært í útgáfu 4.

Fulltrúaráð Aleflis, notendafélags Gegnis

Fulltrúaráð Aleflis er skipað einum fulltrúa frá hverri stjórnunareiningu eins og þær eru myndaðar af Landskerfi bókasafna. Í stjórnunareiningu 7 eru tvö söfn, Lbs-Hbs og Bókasafn Landspítala-Háskólasjúkrahúss. Helga Kristín Gunnarsdóttir sat í fulltrúaráðinu fyrir hönd safnsins.

KVENNASÖGUSAFN

Í stjórnarnefnd Kvennasögusafns sátu Erla Hulda Halldórsdóttir af hálfu Rannsóknarstofu í kvenna- og kynjafræði við HÍ, Helga Guðmundsdóttir frá Kvenfélagasambandi Íslands og Edda G. Björgvinsdóttir af hálfu safnsins. Starfsmaður er Auður Styrkárdsóttir. Vefurinn *kvennasogusafn.is* var færður í vefumsjónarkerfið CMS og útlit vefjarins var endurskoðað auk þess sem bætt var við talsverðu myndefni.

MIÐSTÖÐ MUNNLEGRAR SÖGU

Í stjórn Miðstöðvar munnlegrar sögu sátu Guðmundur Jónsson prófessor við HÍ, Þorsteinn Helgason dósent við HÍ, Irma Erlingsdóttir forstöðumaður Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum, Gísli Sigurðsson Stofnun Árna Magnússonar og Örn Hrafnkelsson af hálfu safnsins. Verkefnastjórar voru Brynhildur Sveinsdóttir og Eiríkur Valdimarsson. Talsvert af efni skilaði sér til Miðstöðvarinnar auk þess sem unnið var að skipulegum söfnunarverkefnum m.a. um kreppuna og upphaf Lista-hátíðar.

VIÐURKENNINGAR OG STYRKIR

Tilnefning til Íslensku vefverðlaunanna

Vefurinn *timarit.is* var tilnefndur til Íslensku vefverðlaunanna 2009 í flokknum *Besti þjónustu- og upplýsingavefurinn* en hlaut ekki verðlaun.

Hagnýtingarverðlaun Háskóla Íslands 2010

Verkefnið *handrit.is* - rannsóknargrunnur og samskrá um íslensk og norræn handrit hlaut 1. verðlaun í Hagnýtingarsamkeppni Háskóla Íslands í nóvember árið 2010. *Handrit.is* er samstarfsverkefni Lbs-Hbs og Árnastofnananna í Reykjavík og Kaupmannahöfn.

Styrkur úr Þjóðhátíðarsjóði – handritasafn Jóns Sigurðssonar

Þann 1. des. hlaut safnið styrk til rannsókna, greiningar og skráningar á handritasafni Jóns Sigurðssonar, úr síðustu úthlutun Þjóðhátíðarsjóðs. Jón var ötull handritasafnari og safn hans, um 1300 handrit, er varðveitt í Lbs-Hbs. Safnið var skráð fyrir 70 árum og hefur skráin lengi verið ófánleg. Nú stendur til að skrá safnið skv. nýjustu kröfum og gera aðgengilegt á vefnum *handrit.is*.



Gestur við notendatölvu á 2. hæð Þjóðarbókhöðunnar.

ERLENT SAMSTARF

NORON

Norrænir lands- og ríkisbókaverðir hittast reglulega ásamt forstöðumönnum þeirra þriggja embætta sem sinna bókasafnamálum í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Einn fundur var haldinn á árinu, 7. og 8. júní í Reykjavík. Á fundinn kom einnig framkvæmdastjóri Nordbib verkefnisins um Open Access og fór yfir þann árangur sem náðst hefur. Þá var fjallað um þátttöku í Evrópubókasafninu TEL og Europeana, stafræna endurgerð, samstarf við OCLC, stafræna endurgerð og höfundaréttarmál.

NORDBIB

Nordbib er fjögurra ára fjármögnunarverkefni á vegum Nordforsk og Norrænu ráðherranefndarinnar og stendur árin 2006 - 2010. Markmiðið er að móta sameiginlega norræna afstöðu til opins aðgangs að rannsóknarupplýsingum og dreifingu þeirra (Open Access – OA). Verkefninu er stýrt af NORON hópnum, en auk þess starfar verkefnishópur sem í sitja fimm norrænir fulltrúar og er Áslaug Agnarsdóttir fulltrúi Íslands. Framkvæmdastjóri er Mikkel Christoffersen. Lokið var við að úthluta öllum styrkjum 2009 en gert er ráð fyrir að flestum verkefnum ljúki 2010. Unnið var að mótun framhaldsverkefnis um varðveislu rannsóknagagna.

CENL – CONFERENCE OF EUROPEAN NATIONAL LIBRARIANS

Ársþing evrópskra landsbókavarda var haldið í London dagana 26.-28. september. Á þinginu, sem jafnframt er aðalfundur samtakanna voru stafræn endurgerð og höfundaréttarmál í forgrunni allrar umræðu. Austurríki, Holland og Ítalía sögðu frá samningum sínum við Google um stafræna endurgerð efnis sem ekki er lengur í höfundarétti. Umræða um stafræna endurgerð nýrra efnis tengist hins vegar höfundaréttarmálum og þar eru Norðurlöndin sér á báti með umræðu um heildarsamninga við réttthafa og hugsanlega gerð norræns samnings um miðlun efnis í höfundarétti á öllum Norðurlöndunum. Rekstur og starfsemi TEL (The European Library) og Europeana var einnig til umfjöllunar.

EVROPUVERKEFNI

Safnið tók þátt í Evrópuverkefnum sem rekin eru á vegum eða í tengslum við CENL.

Evrópubókasafnið - TEL

Safnið er fullgildur aðili að Evrópubókasafninu (The European Library - TEL) síðan 2007 en CENL rekur verkefnið. Evrópubókasafnið er gátt sem býður upp á samleit á vefnum www.theeuropeanlibrary.org. Þar er aðgangur að gögnum frá 48 evrópskum þjóðbókasöfnum og hluti vefjarins hefur verið þýddur á 35 tungumál, þar á meðal íslensku. Gögnin geta verið skrár, bókfræðifærslur og stafrænt efni. Evrópubókasafnið er safnari fyrir efni frá þjóðbókasöfnum og stórum rannsóknabókasöfnum í Evrópu og miðlar því áfram til Europeana. Framlag safnsins felst í að vinna gögn sín þannig að hægt sé að tengja þau við Evrópubókasafnið og síðan Europeana. Ýmsar breytingar voru gerðar á skipulagi og stjórnkerfi Evrópubókasafnsins og Europeana á árinu í því skyni að gera reksturinn sjálfbæran.

Europeana er fjölmeningargátt fyrir aðgang að fjölbreyttu stafrænu efni evrópskra bókasafna, skjalasafna og minjasafna. Frumgerð Europeana var opnuð í janúar 2009 og hluti vefjarins hefur verið þýddur á 26 tungumál, þ.á.m. á íslensku. Þýðingin var unnin í Lbs-Hbs. Rekstur Europeana hefur verið aðskilinn frá Evrópubókasafninu og í því skyni var stofnað Europeana Thematic Network, sem safnið gerðist aðili að.

Reading Europe – Top 100 books

Safnið tók þátt í verkefninu „100 helstu bækur“ á vegum Evrópubókasafnsins. Þjóðbókasöfn Evrópu völdu 80-100 mikilvægar og áhugaverðar bækur og handrit, sem gefa mynd af útgáfu hvers lands. Um 50 rit frá Íslandi voru aðgengileg í lok ársins í gegnum *handrit.is*, auk bókfræðilegra upplýsinga og lýsinga á ritunum á ensku

Europeana - ráðgjafanefnd um stafræna endurgerð Evrópusambandið skipaði á árinu sérstaka ráðgjafanefnd (Comité de Sages) um stafræna endurgerð menningarefnis í Evrópu í því skyni að hraða þeirri vinnu og efla Europeana. Nefndin setti fram tillögur um hvernig efla megi stafræna endurgerð, aðgengi efnisins á netinu og varðveislu þess, auk þess sem fjármögnun m.a. samstarf opinberra stofnana og einkafyrirtækja (public-private partnership) var skoðuð. Þá fjallaði nefndin um höfundaréttarmál og samninga um stafræna

endurgerð með sérstöku tilliti til verka sem ekki eru til á markaði (out of print) og eigendalaus verk (orphan works) en slík verk eru stór hluti þeirra verka sem eru í söfnum í Evrópu.

IFLA-ÞINGIÐ Í GAUTABORG Í SVÍPÞÓÐ

76. IFLA-þingið var haldið í Gautaborg dagana 10.-15. ágúst. Yfirskrift þess var *Open Access to knowledge - promoting sustainable progress*. Á þinginu var lögð áhersla á að frjáls aðgangur að upplýsingum sé jafn mikilvægur og málfrelsi og eigi við um alla, einnig blinda og þá sem geta ekki lesið sér til gagns. Upplýsingar eiga að vera í almennum aðgangi á netinu eða í rýmum þar sem fólk getur komið fyrir efni og skipst á upplýsingum um það. Yfirskriftin snerist einnig um að vera móttækilegur fyrir hugmyndum og nýsköpun þar sem notandinn geti einnig framleitt efni og um útgáfu efnis í opnum aðgangi eða Open Access. Nokkrir Íslendingar sóttu þingið en enginn af hálfu Lbs-Hbs.

CDNL – Conference of Directors of National Libraries

Árlegur fundur alþjóðasamtaka landsbókavarda var haldinn í tengslum við þing IFLA. Landsbókavörður sótti ekki fundinn.

IIPC – International Internet Preservation Consortium

Safnið er þátttakandi í IIPC en samtökin hafa það markmið að skilgreina hvað þarf til að varðveita vefsíður einstakra landa (og jafnvel þegar fram í sækir allar vefsíður) þannig að vitrænt og menningarlegt innihald Vefsins fari ekki forgörðum. Í byrjun árs var undirritaður nýr samstarfssamningur um rekstur samtakanna en 39 aðilar taka nú þátt. Kristinn Sigurðsson situr í stjórn samtakanna af hálfu safnsins. Jafnframt tekur safnið þátt í starfi vinnuhóps um söfnun vefsíðna (Harvesting Working Group).

SUMARSKÓLI Í HANDRITAFRÆÐUM

Árlegur sumarskóli í handritafræðum (International Summer School in Manuscript Studies), á vegum Árnasafns í Kaupmannahöfn, Stofnunar Árna Magnússonar og Lbs-Hbs, var haldinn í Kaupmannahöfn 12.-20. ágúst. Í ár voru 47 nemendur frá 17 löndum, kennarar voru 15 að doktorsnemum meðtöldum en ótöldum gestafyrirlesurum. Frá safninu var Sjöfn Kristjánsdóttir í liði kennara fjórða árið í röð og Sigrún Guðjónsdóttir í hópi nemenda á öðru ári. Nemendur á lokaári héldu fyrirlestur um afrakstur náms síns og vinnu en verkefni þeirra var jólasálmur með latneskar rætur, eftir Bjarna Gissurarson og Hallgrím Pétursson og voru flest handrit sálmsins úr handritadeild safnsins. Vefurinn *handrit.is* kom að góðu gagni en handritin voru mynduð sérstaklega vegna sumarskólans.



Frá Noron fundinum 7. og 8. júní. Á myndinni eru (fv): Jens Thorhauge frá Bibliotek og Medier í Danmörku, Kai Ekholm frá Finnlandi, Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir frá Íslandi, Vigdís Moe Skarstein frá Noregi, Erlend Kolding Nielsen frá Danmörku og Gunnar Sahlin frá Svíþjóð.

SAMNINGAR

- 12.01.2010 Samningur við IIPC (International Internet Preservation Consortium) um þátttöku í samtökunum og um skipulag og verkefni.
- 23.02.2010 Samningur við Knattspyrnufélagið Val um stafræna endurgerð *Valsblaðsins* og móttöku pdf-útgáfa.
- 25.02.2010 Samningur við Ungmennafélag Íslands um stafræna endurgerð tímaritsins *Skinfaxi* og móttöku pdf-útgáfa.
- 25.02.2010 Samningur við Samband íslenskra samvinnufélaga um stafræna endurgerð *Samvinnunnar*, *Tímarits kaupfjela* og *Tímarits íslenskra samvinnufélaga*.
- 04.03.2010 Samningur við MyiLibrary, um aðgang að 34 rafrænum náms- og fræðibókum í samvinnu við bókasafn Landspítala og bókasafn Menntavísindasviðs HÍ.
- 24.03.2010 Samningur við forsætisráðuneytið um gerð sýningar á úrvali bréfa, handrita og skjala frá ferli Jóns Sigurðssonar í tilefni af 200 ára afmæli hans.
- 21.04.2010 Samningur við skólablað Menntaskólans á Akureyri um stafræna endurgerð *Munins*.
- 06.05.2010 Samningur við Alþýðuhús Reykjavíkur ehf og Styrktarsjóð Magnúsar Bjarnasonar um flokkun og tölvuskráningu einkaskjalasafna fólks sem tengdist Alþýðuflokknum.
- 14.05.2010 Samningur við Fasteignamat ríkisins um stafræna endurgerð á matsgerðum Fasteignamats Akureyrar.
- 27.05.2010 Endurnýjaður samstarfssamningur við Háskólann á Akureyri, Háskólann á Bifröst, Háskóla Íslands, Landbúnaðarháskóla Íslands, Listaháskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík um rekstur Skemunnar.
- 04.06.2010 Samningur við Veðurstofu Íslands um stafræna endurgerð þriggja höfuðrita Þorvaldar Thoroddsen.
- 09.09.2010 Samningur við Sjómannadagsráð um stafræna endurgerð *Sjómannadagsblaðsins*.
- 12.11.2010 Samningur við Halldóru J. Rafnar um stafræna endurgerð tímaritsins *Nýjar kvöldvökur*.
- 23.11.2010 Samningur við Erlu Hallsteinsdóttur og Institut for Sprog og Kommunikation í Óðinsvéum um afrit af textaskjölum sem safnað var í síðustu vefsöfnun ársins 2010. Textinn verður notaður í verkefninu Orðasjóður II – íslensk textaorðabók á vefnum.
- 22.12.2010 Samningur við Fiskifélag Íslands um stafræna endurgerð *Ægis*, tímarits um sjávarútveg.
- 28.12.2010 Samningur um IP-símalausn við SKÝRR.


Samið var við eftirtalda aðila um framlengingu samninga í Landsaðgangi til þriggja ára 2010-2012:

- 01.03.2010 Springer Link
26.01.2010 Karger
07.01.2010 Elsevier
14.12.2009 Ebsco
01.01.2010 Proquest
Gagnasafn Morgunblaðsins
14.04.2010 Britannica
22.12.2009 Grove Art
19.04.2010 Sage Publications
19.04.2010 Web of Science

Samið var um framlengingu samninga í Landsaðgangi til tveggja ára 2010-2011:

- 25.03.2010 Blackwell-Wiley 2010-2011

SKIPURIT





Þéttiskápar í kjallara þjóðarboðhlöðu.

REKSTRARSVIÐ

Rekstrarsvið ber ábyrgð á allri innri þjónustu safnsins, þ.e. fjármálum, starfmannamálum, almennu skrifstofuhaldi, upplýsingatækni, vefumsjón, sýningarhaldi, rekstri húss og lóðar og samningum um rekstur mötuneytis og veitingastofu. Sviðsstjóri rekstrarsviðs er jafnframt fjármálastjóri safnsins. Í árslok var fjöldi starfsmanna 17 og ársverk voru 15,75. Með landsbókaverði og sviðsstjóra voru á skrifstofu landsbókavarðar 6 starfsmenn í 6 ársverkum, við tölvurekstur og upplýsingatækni 4 starfsmenn í 4 ársverkum, við húsrekstur 5 starfsmenn í 4,25 ársverkum og við sýningarhald 2 starfsmenn í 1,5 ársverkum.

FJÁRMÁL


Endanlegur rekstrar- og efnahagsreikningur safnsins árið 2010 liggur ekki fyrir en staðan við lokagerð ársskýrslunnar er birt í árstölum safnsins á bls. 40 og þar kemur einnig fram skipting rekstrargjalda. Bráðabirgðaniðurstöður gera ráð fyrir 2 millj. kr. afgangi. Afkoman er nokkuð betri en reiknað var með og er það ekki síst að þakka aðhaldi í rekstri.


 Skemman

 Tímarit.is

STARFSMENN

Í árslok unnu 87 starfsmenn hjá safninu í 76,55 stöðugildum. Starfsmönnum fækkaði um þrjá frá áramótum 2009 og ársverkum um 2,97. Konur eru 65%. Alls hættu 13 starfsmenn á árinu: sjö námsmenn, einn vegna aldurs og fimm hættu störfum af öðrum ástæðum. Eiginleg starfsmannavelta var því 5,7%. Í töflunum er yfirlit yfir fjölda ársverka og starfsmanna en yfirlit yfir ársverk skipt á starfseiningar er að finna í töflu á bls. 39.





Fræðsla

15 atburðir voru á fræðsludagskrá árið 2010. 251 þátttakandi eyddi 352 vinnustundum í fræðslu innanhúss. Ákveðið var 2008 að sviðin þrjú mundu halda s.k. starfskynningar til að kynna starfsemi sviðs eða verkefni. Þjónustusvið hélt kynningar að vori 2009, Varðveislusvið að hausti 2009 og loks hélt Rekstrarsvið þrjár starfskynningar vorið 2010. Skrifstofa landsbókavaraðar hélt fyrstu kynninguna og sögðu landsbókavörður, aðstoðarlandsbókavörður, fjármálastjóri og starfsmannastjóri frá störfum sínum og verkefnum einingarinnar. Hússtjórn hélt næstu starfskynningu og boðið var upp á ferð í loftræsígöngin. Var sá viðburður fjölsóttasti viðburður á fræðsludagskrá frá því að mælingar hófust. Að síðustu sögðu tölvurekstur og upplýsingatæknihópur frá sínum verkefnum. Haldin voru fjögur Excel námskeið: tvo inngangsnámskeið, eitt framhaldsnámskeið og sett var upp eitt Excel námskeið sérstaklega fyrir skylduskil um notkun og uppsetningu Pivot-taflna. Ingibjörg Bergmundsdóttir bauð upp á EndNote námskeið og Áki G. Karlsson hélt tvö CMS-námskeið fyrir þá sem koma að viðhaldi vefja. Kristín Bragadóttir sagði frá rannsóknarleyfi sínu sem hún varði hjá Library of Congress í Washington og Konunglega bókasafninu í Kaupmannahöfn. Aðkeyptir viðburðir voru fjórir. Rauði krossinn hélt tvö námskeið í skyndihjálp.

Anna Sigríður Ólafsdóttir hélt fyrirlestur um hollmeti og heilsurækt í Lífshlaupsmánuðinum. Steinn Sigurðardóttir frá Starfsleikni hélt fyrirlestur í desember um starfsanda og starfsánægju. Þá var í fyrsta sinn haldinn fjölskyldudagur í safninu 20. maí (sjá bls. 8). Að lokum er hér samantekt á fræðsluviðburðum undanfarinna ára:

	2016	2007	2008	2009	2010
fjöldi námskeiða	18	16	7	22	15
fjöldi þátttakenda	209	156	246	422	251
vinnustundir	264	351	356	523	352

VEFSTJÓRN

Safnið stendur að sautján vefslóðum eitt eða með öðrum og er *timarit.is* langmest notaður af þeim vefjum sem safnið rekur sjálf, en *skemman.is* og *landsbokasafn.is* fylgja þar á eftir. Nýjar útgáfur Skemmunnar og Kvennasögusafns litu dagsins ljós í september. Nýr vefur, *bækur.is*, með stafrænni endurgerð gamalla íslenskra bóka, var formlega opnaður 1. desember. Sérstaka athygli vekur vaxandi notkun Skemmunnar sem geymir lokaritgerðir nemenda í háskólum á Íslandi. Eins er vert að minnast á að *timarit.is* er nú reglulega á topp 20 listanum yfir þá íslensku vefi sem Modernus mælir með samræmdri vefmælingu og er þar á svipuðu róli og Vísindavefurinn.

Nýjungum í vefþjónustu safnsins hefur þannig verið vel tekið af notendum og hefur samanlagður notendafjöldi að vefjum safnsins aukist umtalsvert milli ára. Tæplega 10 millj. flettinga voru mældar vefjum safnsins á árinu. Það er því ljóst að sú þjónusta sem safnið er að veita á netinu er mikið nýtt af almenningi.

TÖLVUREKSTUR

Hlutverk einingarinnar er að sjá um að tölvur, netþjónar og netbúnaður safnsins sé í góðu lagi svo ekki verði truflun á starfsemi þess. Þörf fyrir diskarými eykst stöðugt einkum vegna vefsöfnunar og stafrænnar endurgerðar safnefnis og var tveimur 8.8 terabæta diskastæðum bætt við. Heildar geymslurými safnsins fyrir stafræn gögn er nú tæp 80 terabæt, þar af um helmingur hjá SKÝRR. Tölvuskápur í Kjarna 1 á 1. hæð var uppfærður og sá tölvurekstur alfarið um það. Skipt var tengipanela og nýir panelar víraðir. Tölvurekstur kom að uppsetningu, hönnun og viðhaldi nýs myndavélakerfis. Tíu eldri netþjónum var skipt út fyrir tvo stærri og betri sem keyra sama fjölda sýndarvéla (virtual umhverfi). Umsýsla prentara breyttist talsvert. Prenturum var fækkað úr tæplega 50 í 12 og nýtt prentþjónustukerfi tekið í notkun. Settar voru upp prentstöðvar á öllum hæðum þar sem starfsmenn nota aðgangskort til að setja prentverkin sín af stað. Tölvu starfsmanns í Reykholti var skipt út fyrir nýja. Vinnsulína safnsins á Akureyri var tekin til endurskoðunar og tölvum fækkað. Póstþjónn safnsins var uppfærður í nýjstu útgáfu, Exchange 2010, og allir starfsmenn fengu ný netföng (xx@landsboka-safn.is). Öll miðlæg þjónusta var uppfærð í Windows server 2008 R2. Og einnig var skipt út öllum Cisco netskiptum í nýjstu gerð. Þá var skipt um varaafgjafa og lengist uppitími í rafmagnsleysi úr 27 mínútum í 122 mínútur. Verkefni ársins voru þau stærstu og flóknustu hvað varðar rekstur og uppfærslur frá upphafi í safninu.

UPPLÝSINGATÆKNIHÓPUR

Upplýsingatæknihópur greinir, þróar og innleiðir upplýsingatækniverkefni í safninu í samvinnu við aðrar starfseiningar. Verkefni eru ýmist þróuð innan safnsins eða unnin í samvinnu við aðra, einkum þjóðbókasöfn Norðurlanda. Unnið var að fjölmörgum verkefnum á árinu. Sum eru ný en önnur hafa verið í vinnslu nokkurn tíma. Það er eðli verkefnanna að vinna við þau lýkur ekki fyrr en þau eru lögð af, því eftir innleiðingu hefst viðhald og oft þarf að gera breytingar eða bæta við nýjum verkþáttum.

Vefsöfnun

Framkvæmd vefsafnanna gekk eðlilega á árinu, en þrjár heildarsafnanir á íslenska þjóðarléninu .is voru gerðar. Yfir 30 þúsund lén tilheyra þjóðarléninu og söfnuðust að meðaltali um 69 milljónir skjala í hverri söfnun. Um er að ræða svipað magn og árið 2009. Að venju var listi yfir íslenskt efni utan .is endurskoðaður og nokkuð magn bættist þar við. Vikulegum söfnunum á sérvöldum vefjum var einnig haldið áfram á árinu. Um var að ræða vefi sem valdir voru af starfsmönnum skylduskila m.t.t. þess að um væri að ræða vefi með efni sem skipti máli í þjóðmálaumræðu og að vefirnir væru uppfærðir ört. Var listinn endurskoðaður eilítið á árinu en að mestu var framkvæmdin á svipuðum nótum og 2009. Þá voru einnig gerðar tvær atburðasafnanir, sú fyrri tengd Icesave (II) kosningunum í mars og sú síðari vegna sveitarstjórnarkosninga í maí. Gengu safnanirnar vel en söfnunarlotur voru færri en við fyrri kosningasafnanir. Starfsmenn skylduskila leituðu að þeim vefjum sem fjölluðu um kosningarnar og var þeim síðan safnað reglulega.

Tímarit.is

Notkun á vefnum *tímarit.is* hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár en árið 2010 varð nánast sprenging og notkunin meira en tvöfaldaðist. Síðustu mánuði ársins var vefurinn orðinn fastagetur á lista Modernusar yfir 25 vinsælustu vefi landsins (jafnan á bilinu 18.-21. sæti). Má rekja aukna notkun til þess að vefurinn kemur gjarnan fyrir í leitarniðurstöðum hjá Google. Þannig finna fjölmargir efni á *tímarit.is* þegar þeir leita í Google og hefur það án efa opnað vefinn fyrir marga sem ella myndu ekki vita af honum.

Skemman.is

Háskólinn í Reykjavík og Landbúnaðarháskóli Íslands bættust í Skemmuna, sem hefur að geyma lokaritgerðir háskólanema og ýmis rannsóknarrit. Fyrir voru Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, Háskólinn á Bifröst og Listaháskóli Íslands aðilar að Skemmunni. Var vefurinn einnig endurbættur mikið á árinu og opnaði mikið breyttur um haustið.

Sagnanetið – Handrit.is

Sagnanetið geymir stafræna endurgerð ýmissa handrita en verkefnið á sér langa sögu því vinna við það hófst 1996. Ljóst hefur verið í nokkurn tíma að sú tækni sem notuð var við gerð Sagnanetsins er úr sér gengin og að nauðsynlegt er að uppfæra kerfið. Nýr vefur, *handrit.is* var þróaður m.a. til að leysa Sagnanetið af hólmi og var hann opnaður formlega í apríl 2010.

Bækur.is

1. desember 2010 var vefurinn *bækur.is* opnaðar. Þar verður hægt að nálgast stafrænar endurgerðir af íslenskum bókum. Fyrst um sinn er aðallega um að ræða efni frá því fyrir 1900.

KYNNINGAR OG SÝNINGAR

Hlutverk einingarinnar er að sjá um kynningar, sýningar og útgáfumál safnsins, en alls var boðið upp á ellefu sýningar árið 2010.

Heimspækingur sest að í Þjóðarbókhöð

Í byrjun maí var skúlptúrin Heimspækingur fluttur í Þjóðarbókhöðuna. Verkið er eftir Aðalheiði S. Eysteinsdóttur og innblásið af Þorsteini Gylfasyni fyrrum prófessor í heimspæki við Háskóla Íslands. Það er gjöf til Háskóla Íslands frá Þráni Eggertssyni, prófessor í hagfræði, í minningu Þorsteins sem lést árið 2005, aðeins 63ja ára að aldri. Háskóla- rektor fól landsbókaverði styttna til varðveislu í safninu og er hún staðsett í grennd við upplýsingaborðið á 2. hæð. Sjá mynd á bls 27.

SÝNINGAR

Skáldið og brautryðjandinn

Sýning um Einar H. Kvaran sem opnuð var í desember 2009 hélt áfram á nýju ári. Sýningin var haldin í tilefni af því að 150 ár voru liðin frá fæðingu Einars. Við það tækifæri afhentu afkomendur hans safninu ýmis bréf hans, bækur, ljósmyndir o.fl. til varðveislu í handritadeild. Sjá nánar í Ársskýrslu 2009.

Landakort

Fyrsta sýning á árinu í Þjóðdeild á 1. hæð var sýning á ritinu *Kortasaga Íslands* eftir Harald Sigurðsson ásamt nokkrum kortum úr kortasafni Landsbókafnens en þar er að finna flestöll Íslandskort sem gefin hafa verið út fyrr og síðar.

Orgone-boxið

Í febrúar var opnuð sýning Steingrims Eyfjörð myndlistarmanns á *Orgone-boxinu* og teikningum sem tengjast því á ganginum á 2. hæð. Orgone-boxið er gert eftir uppskrift austurríska vísindamannsins dr. Wilhelm Reich (1897-1957). Reich setti fram kenningu um alheimslega lífsorku sem hann nefndi orgone og er Orgone-boxið notað til að hlaða líkamann orku. Sýningargestum var boðið að taka þátt í sýningunni með því að setjast inn í Orgone-boxið stundarkorn og skrá síðan upplifanir sínar af verunni í boxinu á þar tilgerð blöð. Gestir safnsins brugðust vel við og tóku virkan þátt í sýningunni. Steingrímur er einn af virtustu mynd-

listarmönnum þjóðarinnar og var fulltrúi Íslands á Fenevjavíæringnum árið 2007. Sjá mynd á bls. 22.

Gengið til góðs – Keflavíkurgöngur í 50 ár

Sýning um Keflavíkurgöngur var opnuð 30. mars en sumarið 2010 voru fimmtíu ár liðin frá því að efnt var til fyrstu Keflavíkurgöngunnar til að mótmæla veru bandaríks herliðs á Íslandi og aðild landsins að Nató. Hermálið var stærsta pólitíska deilumálið hér á landi á seinni hluta tuttugustu aldar og hafði mikil áhrif á framvindu stjórnmálanna. Á sýningunni var að finna mikinn fróðleik um ýmsa þætti herstöðvabaráttunnar auk ljósmynda, skjala og mótmælaspjalda. Keflavíkurgöngurnar urðu alls ellefu á rétt rúmlega þrjátíu ára tímabili. Óhætt er að segja að fáar ef nokkrar pólitískar mótmælaaðgerðir hafi vakið jafn mikla athygli og deilur á þessum tíma. Með því að kanna sögu þessara aðgerða fékkst jafnframt góð mynd af baráttumálum íslenskra friðar- og afvopnunarinnna á tímum kalda stríðsins. Sýningin var samstarfsverkefni safnsins og Samtaka hernaðarandstæðinga.

Pétur Gunnarsson og ÞÞ – bækurnar um Þórberg

Í byrjun apríl var sett upp sýning á rannsóknarvinnu og frumdrögum Péturs Gunnarssonar rithöfundar að bókunum um Þórberg Þórðarson – *Þórbergur í fátæktarlandi* og *Þórbergur í forheimskunarlandi* en Pétur fékk viðurkenningu Hagbenkis fyrir bækur sínar um Þórberg. Á sýningunni mátti glögglega sjá hvernig Pétur hagaði vinnu sinni við ritun bókanna. Frumdrögin handskrifaði hann með blýanti í fjölmargar skissubækur og á sýningunni voru einnig nótubækur Péturs frá ritunarferlinu auk stubbanna af öllum blýöntunum sem hann notaði. Pétur sótti mikilvægar upplýsingar í dagbækur Þórbergs og Þóru Vigfúsdóttur, eiginkonu Kristins E. Andrés-sonar, og voru möppur með köflunum sem hann sló inn í tölvu sína einnig á sýningunni ásamt spólum með viðtölum sem hann tók við dóttur Þórbergs og fólk sem þekkti hann.

Búnaðarskólinn í Ólafsdal

Á vormánuðum og byrjun sumars var unnið í safninu að sýningu um Búnaðarskólann í Ólafsdal, sem var opnuð í Ólafsdal þann 10. júlí. Sýningin var samstarfsverkefni Ólafsdalsfélagsins og Lbs-Hbs auk þess sem fjölmargar stofnanir, fyrirtæki og félagasamtök veittu Ólafsdalsfélaginu styrki til sýningarhaldsins. Búnaðarskólinn í Ólafsdal var stofnaður að frumkvæði Torfa Bjarnasonar og má segja að skólinn hafi þróast upp úr hugsjón hans um stofnun og rekstur fyrirmyndarbús. Tilgangur skólans var að kenna jarðrækt – verklega og bóklega og var námstíminn tvö ár. Alls innrituðust 154 nemendur í skólann á starfstíma hans, árin 1880-

1907, og komu þeir alls staðar að af landinu. Torfi var skólastjóri öll árin sem skólinn starfaði. Eigin kona Torfa, Guðlaug Zakaríasdóttir, sá um alla matargerð og tóvinnu og var eftirsótt að koma ungum stúlkum í læri til hennar en hún kenndi fatasum og skatteringu (útsaum). Sýningin var sett upp, aukin og endurbætt, í Þjóðarbókhöfðu 16. janúar 2011.

Brot úr baráttunni

Í október var sett upp sýningin *Brot úr baráttunni* en þá voru 35 ár liðin frá Kvænnafrídeginum 24. október 1975. Á sýningunni voru rifjaðar upp góðar minningar frá þeim degi en sá mikli fjöldi kvenna sem tók þátt í Kvænnafríinu á Íslandi vakti heimsathygli á sínum tíma. Á sýningunni var fjallað um kvænnaframboð tveggja tíma: fyrri kvænnaframboðin sem fleyttu m.a. Bríeti Bjarnhéðinsdóttur í bæjarstjórn Reykjavíkur og Ingibjörgu H. Bjarnason á Alþingi og síðari Kvænnaframboðin og Kvænnafrílistann sem fjölguðu konum umtalsvert í sveitarstjórnnum og einnig á Alþingi. Einnig var fjallað um framboð Vigdísar Finnbogadóttur til embættis forseta Íslands og kosningarétt kvenna en árið 2010 voru 95 ár liðin frá því að íslenskar konur fengu kosningarétt.



Bækur úr safni Einars Benediktssonar.

Sveppir, silfurskottur og fleira í bókasafni Einars Benediktssonar

Þann 1. desember var opnuð sýning á bókum úr bókasafni Einars Benediktssonar skálds og ritstjóra (1864-1940) en unnið var að hreinsun bókana og viðgerðum á þeim í forvörslustofu safnsins árið 2010. Bækurnar voru margar hverjar afar illa farnar. Bersýnilegt er að mýs hafa komist í bóka-kostinn og gengið nokkuð nærri sumum bókana. Einnig má sjá ummerki eftir veggjatitlur, sem hafa borað sig gegnum þykk bókasþjöld og inn í bækur,

og silfurskottur sem hafa gætt sér á bókarkápum. Við rannsókn sveppafræðings á myglusveppum í bókunum komu í ljós a.m.k. þrjár dauðar sveppategundir, þar af ein sem ekki hefur fundist áður á Íslandi. Á sýningunni, sem stendur fram á árið 2011, eru auk hreinsaðra og viðgerðra bóka sýnishorn af þeim aðskotahlutum og lífræna úrgangi sem fannst í bókunum og einnig eru þar sýnishorn af bókum eins og þær litu út áður en viðgerðirnar hófust. Einar Benediktsson gaf Háskóla Íslands jörðina Herdísarvík ásamt bókasafni sínu og húsgögnum, í minningu föður síns. Bækurnar voru ekki fluttar í Háskólabókasafn fyrr en árið 1950 og voru hafðar í geymslu þar til safnið flutti í Þjóðarbókhöfðu árið 1994. Bækurnar eru nær einvörðungu á erlendum tungum og er meginhluti þeirra prentaður fyrir 1850.

Á ferli – Sýning á verkum Ástu Ólafsdóttur

Í byrjun desember var sett upp í Þjóðarbókhöfðu listaverk eftir Ástu Ólafsdóttur myndlistarkonu. Verkið var hluti af sýningunni *Á ferli* sem spannaði fjölbreytta myndlistarsköpun Ástu í meira en þrjá áratugi. Að sýningunni stóðu nemendur úr listfræði við Háskóla Íslands og myndlistanemar úr Listaháskóla Íslands. Í tengslum við sýninguna voru verk eftir Ástu sett upp víðar um borgina. Verkið sem sýnt var í Þjóðarbókhöfðu er án titils, frá 1992 og í eigu Listasafns Íslands, (sjá bls 26).

Jólin í samfélaginu – samfélagið í jóluum

Að þessu sinni fékk jólasýning safnsins yfirskriftina *Jólin í samfélaginu og samfélagið í jóluum*. Á sýningunni mátti sjá hve jólaboðskapurinn fær mismunandi vægi á forsíðum dagblaða á aðfangadag á mismunandi tímum. Barnablaðið *Æskan* átti sinn stað á sýningunni, allt frá því er það var gefið út í litlu svart/hvítu broti á 2. áratug síðustu aldar til fagurlega skreyttra og litríkra forsíðna á 5. og 6. áratugnum en jólaboðskapur þeirra er í sláandi mótsögn við forsíður dagblaðanna á árum kalda stríðsins. Einnig voru á sýningunni jólabarnabækur frá ýmsum tímum.

Íslensk kvikmyndatónlist

Tón- og myndasafn hefur nýtt glerskápa á ganginum á 2. hæð til að sýna brot úr safnkosti sínum. Á þessu ári var lögð áhersla á íslenska kvikmyndatónlist, allt frá 45 snúninga plötu með lagi Sigfúsar Halldórssonar, *Vegir liggja til allra átta*, úr kvikmyndinni *79* (1962) af stöðinni til tónlistar Mugisons við *Mýrina* (2007) og Valgeirs Sigurðssonar við kvikmyndina *Draumalandið* (2009).

REKSTUR HÚSS OG LÓÐAR

Hlutverk hússtjórnar er að sjá um viðhald og rekstur Þjóðarbókhlaðunnar, hafa umsjón með kerfum og búnaði hússins, annast samskipti við þjónustuverktaka, vöktun og ýmsa þjónustu við starfsmenn. Hússtjórn hefur umsjón með ljósritunarvélum og prenturum ásamt ljósritun fyrir gesti og starfsmenn. Starfsmenn eru fjórir.

Framkvæmdir

Framkvæmdir á árinu voru nokkrar. Farið var í endurbætur í loftinntaksgöngum hússins. Eftir verðkönnun var samið við verktakafyrirtækið Flotgólf. Gólf voru slípuð og gert við sprungur, húlkíll var settur í kverkar og gólfið málað með kerfi (SL.Rescon). Veggir voru slípaðir og sett var Múrett kerfi á þá. Steinull í lofti var klædd með neti (Sakret) og kústað yfir. Vírnet á loftinntaki var endurnýjað. Settur var dúkur í botn rakakerfa 1, 2 og 3. Í kerfi 4 var settur dúkur 2009 og hefur það komið vel út. Skipt var um legur í rakadælunum um leið. Gólfið í loftræsirými var málað. Síkið umhverfis húsið var tæmt og endurnýjuð var þétting við hús, einnig voru gluggar í stigahúsi 2 og 3 yfirfarnir og kítta endurnýjað í þeim. Mannvit lauk uppfærslu á hugbúnaði loftræsikerfa. Byrjað var að yfirfara EMC stýrivélar, og verða þær teknar eftir þörfum. Hreyfiskynjarar í innbrotakerfi hússins voru endurnýjaðir, valin var ný gerð af skynjurum svokallaðir „Micro - Infra rauðir“ skynjarar. Í apríl var byrjað að setja upp prentstöðvar, fyrir

hverja hæð. Byrjað var á 2. hæð til prufu og sett var segullæsing á glerhurð inn á skráningarganginn þar sem prentstöðin var sett. Eftir stuttan reynslutíma var ákveðið að halda áfram og settar prentstöðvar á hinar hæðirnar. Í október var haldinn fundur með tæknimönnum frá Háskólanum um símamál en Þjóðarbókhlaðan er tengd símstöð HÍ. Kynntar voru hugmyndir um að breyta yfir í IP símkerfi. Í framhaldi var ákveðið að fara í samstarf við SKÝRR og segja upp samstarfi við Háskólann. Innleiðing yfir í IP kerfi er á áætlun í ársbyrjun 2011.

Þrif

Þrifin eru með svipuðum hætti og undanfarin ár með smá breytingum sem gerðar eru eftir þörfum.

Ýmislegt

Þann 3. Janúar, fyrsta vinnudag ársins, fór fram hefðbundin prófun á öryggisbúnaði hússins. Að þessu sinni voru allir reykskynjarar hússins prófaðir og texti lesinn saman við brunastöð.

Geymslusafn í Mjódd

Salnum var skipt í tvö rými og settur upp veggur til að stúka af bókahlutann frá vinnuaðstöðu fram við hurð. Þar var sett upp aðstaða til að þrifa dropa-skiljur úr rakatækjum.

Varaeintakasafn í Reykholti

Rekstur hússins hefur gengið vel á árinu. Settar voru upp hillur til að flokka tímarit og útbúið borð fyrir efstu hæðina til notkunar við flokkun efnis þar.



Orgone boxið úr sýningu Steingríms Eyfjörð.

VARÐVEISLUSVIÐ

Varðveislusvið ber ábyrgð á söfnun og varðveislu íslensks safnkosts, þ.e. handritum sem ekki eru hluti af íslenskri stjórnsýslu og öllu útgefnu íslensku efni nema kvikmyndum og útvarps- og sjónvarpsefni. Veita skal eins greiðan aðgang að þessu efni og unnt er og hefur sviðið umsjón með skráningu gagnanna, útlánum á lestrarsal, ásamt annarri þjónustu við þá safngesti sem nota safnkostinn. Sviðið skiptist í handritadeild og þjóðdeild og í lok ársins voru starfsmenn sviðsins alls 37 en ársverk voru 33,70. Með sviðsstjóra voru í handritadeild 6 starfsmenn í 5,75 ársverkum, og í þjóðdeild voru 31 starfsmaður í 27,95 ársverkum.

HANDRITADEILD

Meginhlutverk handritadeildar er að annast söfnun, varðveislu, skráningu og rannsóknir íslenskra handrita sem ekki heyra undir lögbundin skylduskil til Þjóðskjalasafns Íslands eða Héraðsskjalasafna. Í vörslu deildarinnar er langstærsta safn íslenskra pappírshandrita frá síðari öldum (16. öld til 20. aldar) eða 13.603 handrit sem hafa verið fullskráð og fengið safnmark og um 2.000 einingar sem bíða fullnaðarskráningar. Í vörslu deildarinnar eru fimm skinnhandrit og rúmlega 100 skinnblöð frá fyrri öldum. Deildin sér til þess að sem tryggilegast sé búið um þennan safnkost og greiðir fyrir notkun hans, m.a. með útgáfu handritaskráa og með því að færa handrit á aðra miðla eftir þörfum. Jafnframt annast deildin kynningu á handritum og þjónustu við safngesti.

AÐFÖNG

Aðföng voru í meðallagi og dreifðust jafnt yfir árið, 50 sinnum fór fram afhending handrita og skjala til eignar og varðveislu í handritadeild. Kennir þar ýmissa grasa. Hæst ber afhendingar á gögnum Svövu Jakobsdóttur rithöfundar og alþingismanns, Jóns Hnefils Aðalsteinssonar prófessors og Gunnars Thoroddsens borgarstjóra, alþingismanns og forsætisráðherra. Þá voru afhent til deildarinnar rímnakver, kvæðakver, sendibréf, vinnugögn frá útgáfum og margt fleira. Margir sem höfðu áður komið með gögn bættu við þau.

SAMSKRÁ UM HANDRIT

Handrit.is, samskrá og rafrænt gagnasafn íslenskra handrita sem varðveitt eru í handritadeild Lbs-Hbs, Stofnun Árna Magnússonar og Árnasafni í Kaupmannahöfn var formlega opnuð síðasta vetrardag, 21. apríl. Vefurinn var opnaður af Katrínu Jakobsdóttur mennta- og menningarmálaráðherra. Þegar vefurinn var opnaður voru þar skráð 857 handrit frá safninu, þar af höfðu 597 verið mynduð. Í árslok 2010 höfðu 1.898 handrit verið frumskráð og fjöldi mynda var 258.031. Munar mestu að á árinu lauk myndun á handritum í safni Reykjavíkurdeldar Hins íslenska bókmenntafélags, 277 handrit af 291 hafa verið mynduð og þau handrit sem á vantar þarfnast frekari aðhlyningar áður en þau verða mynduð. Þess má jafnframt geta að hugmyndin að *handrit.is* hlaut fyrstu verðlaun í Hagnýtingarsamkeppni Háskóla Íslands 2010.

ALÞJÓÐLEGT NÁMSKEIÐ Í HANDRITA-FRÆÐUM

Dagana 16.–18. ágúst var haldið á vegum Den Arnamagnæanske Samling, í samvinnu við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Landsbókasafn, „Áttunda alþjóðlega námskeiðið í handritafræðum“. Starfsmaður handritadeildar tók þátt í kennslu.

VIÐURKENNINGAR

Handritadeild hlaut styrk úr Þjóðhátíðarsjóði til rannsóknar, greiningar og skráningar á handritasafni Jóns Sigurðssonar. Á næsta ári verður tveggja alda afmælis Jóns minnst og er ætlunin að gera handritasafn hans og útgefin rit aðgengileg á vefnum af því tilefni. Jón var einn ötulasti handritasafnari Íslands og safn hans, sem varðveitt er í Landsbókasafni, er gríðarmikið að vöxtum eða rúmlega 1.300 handrit. Meðal þeirra dýrgripa sem leynast í safninu er eiginhandarrit Hallgríms Péturssonar að Passíusálmunum frá 1659. Eina skráin sem til er yfir þetta safn kom út á prenti fyrir 70 árum og hefur lengi verið ófáanleg. Nú stendur til að skrá allt safnið í samræmi við nútímakröfur og gera aðgengilegt á vefnum *handrit.is*.





Frá fjölskyldudeginum 20. maí.

ÞJÓÐDEILD

Meginhlutverk þjóðdeildar er að þaulsafna gögnum útgefnum á Íslandi í prentuðu formi eða á öðrum miðlum, skrá þau, búa í hendur notendum og varðveita handa komandi kynslóðum, svo og að afla hliðstæðra gagna sem gefin eru út erlendis og varða Ísland og Íslendinga. Starfsemi deildarinnar fer fram innan sex eininga sem eru: skylduskil, skráning, lyklun og flokkun íslensks efnis, þjónusta og umönnun efnis, sérsöfn, bókband og forvarsla og myndastofa.

SKYLDUSKIL

Í skylduskilum er unnið að móttöku, innheimtu og ráðstöfun nýrra íslenskra rita samkvæmt lögum um skylduskil. Ennfremur er unnið að frágangi og innskráningu þessa efnis og eldra efnis sem berst og reynt að fylla inn í það sem á vantar. Rafrænn þáttur skylduskila fer vaxandi s.s. söfnun efnis og móttaka þess og val á vefsíðum sem vefsafnanir eiga að ná til. Safnað er þrisvar á ári öllu sem er á léninu .is ásamt völdum erlendum lénnum. Bætt var við 65 slóðum sem tengdust eldgosum og flugumferð í heiminum, fremur en að fara í sérsöfnun á þessu efni. Erlendar slóðir voru í desember tæplega 500 talsins. Sömuleiðis eru gerðar vikulegar safnanir, slóðirnar voru um miðjan desember 75 talsins. Á árinu var tekið við rafrænu efni aðallega með tölvupósti en einnig var efni sótt af Netinu. Unnið var að því að setja efni inn og skrá það í geymslusafnið *rafhladan.is*. Þessi vinna hófst í febrúar. Í árslok voru 323 skráningarfærslur í

Rafhlöðunni en undir hverri færslu geta verið mörg pdf-skjöl.

RITAKAUP OG GJAFIR

Þjóðdeild ber að hafa uppi á efni sem gefið er út erlendis og varðar Ísland og Íslendinga og afla þess. Á það bæði við um prent og annað útgefið efni. Oftast þarf að kaupa þessi verk og þau eru talin með öðrum ritakaupum. Reynt hefur og verið að fylla í eyður og nú sem endranær var unnið úr gjöfum sem borist hafa. Ýmsir hafa gefið safninu rit, bæði bækur og blöð, s.s. Bókasafn Akraness, Bókasafn Árborgar, Bókasafn Dagsbrúnar, Bókasafn Patreksfjarðar, Bryndís Ísaksdóttir, Bryndís Vilbergisdóttir, Eiríkur Þormóðsson, Evlálía S. Kristjánsdóttir, Emilía Margrét Sigmarsdóttir, Erlingur Hansson, Gróa Björnsdóttir, Helga Sveinbjarnardóttir, Hrefna Ársælsdóttir, Ingibjörg Gísladóttir, Jóhannes Oliversonn, Karen Bang, Magnús Guðjónsson og Ragnheiður Baldursdóttir.

ÍSLENSK SKRÁNING, LYKLUN OG FLOKKUN

Í íslenskri skráningu er skráð í Gegni efni sem berst í skylduskilum, þ.e. bækur og bæklingar, hljóðrit, myndefni, tölvugögn, tímarit og hljóðbækur. Ennfremur eru skráðar greinar úr tímaritum og bókum og efni gefið út erlendis sem varðar Ísland eða er eftir Íslendinga (*Islandica extranea*) og rit og greinar sem berast frá vinnumatssjóði háskólakennara. Forskráning bóka samkvæmt gögnum frá félagi íslenskra bókaútgefenda er árvisst haustverkefni sem gerir litlum aðildarsöfnum Gegnis kleift að koma nýjum ritum samstundis í umferð. Annað árvisst verkefni er leiðrétting á óvirkum vefslóðum í Gegni. Ef ekki finnst rétt vefslóð er henni eytt úr færslum eða tengt við *vefsafn.is*. Bókfræðileg stjórn Gegnis fer að öllu jöfnu fram í sérstökum nafnmyndagrunni. Sú vinna er nær öll á hendi skrásetjara Lbs-Hbs. Í nafnmyndaskránni birtast tilvísanir bæði mannanafna og efnisorða og þar eru alnafnar aðgreindir svo dæmi sé nefnt. Unnið er í nánú samstarfi við Landskerfi bókasafna, sem rekur Gegni. Safnið á tvo fastafulltrúa á fundum skráningarráðs og einn í efnisorðaráði, en bæði þessi ráð starfa á vegum Landskerfis bókasafna. Unnið er í nánú samstarfi við Landskerfi bókasafna sem rekur Gegni og sér um að allt virki sem skyldi. Einnig á safnið tvo fulltrúa í gæðahópi Gegnis en sá hópur gegnir lykilhlutverki þegar kemur að prófunum á nýjum uppfærslum og útgáfum kerfisins, þ.m.t. Primo. Meðal verkefna gæðahóps á árinu voru lagfæringar á villuboðum í skráningarþætti auk þess sem unnið var í tölfraðigögnum. Margvísleg tiltekta- og samræmingarverkefni voru unnin á árinu. M.a. voru gerðar samræmdar nafnmyndir og tilvísanir fyrir Biblíuna og einstök rit hennar. Einnig var skráning á leikskráum einfölduð og unnið markvisst að því að lagfæra skráningu á ritröðum fjölmargra stofnana í kjölfar breytinga á skráningarsniðinu MARC21 sem liggur til grundvallar allri skráningu í Gegni. Safnið sér um og uppfærir *Handbók skrásetjara* sem aðgangur er að á vefnum *hask.landsbokasafn.is*.

ÞJÓNUSTA OG UMÖNNUN EFNIS

Þjónusta sem byggist á ritakosti þjóðdeildar og handritadeildar er veitt í forsal deildanna. Þar eru veittar upplýsingar og sótt prentuð rit og handrit fyrir notendur til afnota á lestrarsal. Haldin er skrá yfir rit sem finnast ekki – vantanaskrá. Bókminjasafn safnsins er í bókasal þjóðmenningarhúss og er þar föst sýning á völdum ritum í eigu safnsins. Þjóðdeild sá um og hafði eftirlit með ritum er þarna

standa og skipti út ritum ef ástæða þótti til. Á árinu var farið yfir gamalt efni og gjafir og tekin inn í kostinn rit ef þau höfðu ekki komið í skylduskilum, glatast eða þau vantaði í varaeintök. Unnið var að frágangi eldra smælkis og verkefni sem snýr að plakötum er beðið hafa úrvinnslu var haldið áfram. Fyrri hluta árs var unnið að viðhaldi skrár um doktorsritgerðir Íslendinga sem birt er á vefnum *doktor.bok.hi.is*.

VARAEINTAKASAFN

Varaeintakasafn þjóðdeildar er varðveitt í Reykholti og þar er unnið að frágangi bóka og annars efnis sem varðveita á. Nýr starfsmaður varaeintakasafnsins hóf störf í ágúst og vann einkum að frágangi efnis. Farnar voru mánaðarlegar ferðir í varaeintakasafnið og gert var átak í að taka tímarit upp úr kössum og raða þeim í stafrófsröð og ganga frá þeim.

SÉRSÖFN

Sérsöfn eru starfrækt sem eining innan þjóðdeildar. Helstu verkefni ársins voru að fara í gegnum myndir og ýmislegt smáprent í Nonnasafni. Þessu efni var raðað í tímaröð og gerð skrá yfir það. Einnig var samhliða unnið að því að taka saman ritaskrá Jóns Sveinssonar (Nonna). Umsjónarmaður sérsafna tók þátt í starfshópi um varðveislu landfræðilegra gagna og stóð hópurinn fyrir málþingi um efnið 23. september. Haldið var áfram vinnu við íslenska bókaskrá til 1844. Úthlutað var í annað sinn úr Rannsóknarsjóði Sigrúnar Ástrósar Sigurðardóttur og Haralds Sigurðssonar. Umsóknir voru tólf og hlutu tíu þeirra styrk.

TÓN- OG MYNDSAFN

Tón- og myndsafn er eitt af sérsöfnum þjóðdeildar en hluti safnkostsins (stór hluti myndefnis og tölvugagna) er ætlað háskólanemum. Meginhlutverk tón- og myndsafns er að safna, varðveita og veita upplýsingar um og aðgang að öllum útgefnum íslenskum hljóðritum (frá 1977 og eldra efni ef til er) og útgefnum íslensku myndefni (frá og með árinu 2003). Í tón- og myndsafni er aðstaða til að hlusta á hljóðrit og skoða myndefni og einnig er tölvuvert úrval af nótnaheftum til útláns auk raddskráa og handbóka til notkunar á staðnum. Nýtt efni er skráð jafnóðum og unnið var að afturvirkri skráningu á ýmsum gögnum einingarinnar. Skráning á eldra efni, hljómplötum (LP) og snældum, náði í árslok aftur til ársins 1977. Á árinu var hafin stafræn afritun á heimabruggi (heimabrenndum hljómdiskum) og af hljóðritum sem gefin eru út á netinu. Safninu bárust nokkrar gjafir á árinu, m.a. 230

erlend myndbönd frá Guðna Elíssyni prófessor, og torfundnir tónlistardiskar frá Oddgeiri Eysteinsyni. Tón- og myndsafn er á samskiptavefjunum MySpace og Facebook í þeim tilgangi að kynna safnið og skylduskilin og auðvelda samskipti og um leið heimtur hljóðrita.

BÓKBAND OG FORVARSLA

Á viðgerðarstofu er unnið að forvörslu og viðgerðum á handritum og prentuðum ritum. Varðveislustjóri er einnig til ráðuneytis um og ber ábyrgð á viðhaldi, varðveislu og umbúnaði ritakosts í safninu. Síðastliðin ár hefur starfsemi bókbandsstofunnar tekið þeim breytingum að dregið hefur verulega úr bókbandi á nýjum ritum en vægi viðgerða og endurbands gamalla bóka úr eigu safnsins hefur aukist til muna. Bókbandsverk á árinu voru alls 48.226. Á vormánuðum var lokið við hreinsun og frágang á bókum úr safni Einars Benediktssonar skálds sem hafið var á árinu 2009. Í byrjun desember var sett upp sýning á völdum bókum úr safninu þar sem m.a. var greint lítillega frá ástandi bókanna fyrir forvörslu þeirra og hættum sem steðja að bókum og öðrum safngripum úr pappír sé illa að þeim búið.

Stafrænni myndun á handritum sem bera safnmarkið ÍBR var lokið á árinu en fyrir skráningu og myndun þeirra var sérhvert handrit yfirfarið og hreinsað og ástand þess metið. Þá var á árinu gert við nokkur illa slitin handrit og umbúnaður annarra handrita bættur. Forvörslu- og bókbandsstofu barst óvæntur liðsauki í byrjun árs þegar þýskur sjálfboðaliði, Teresa Händel, hóf störf við safnið. Vann hún einkum við að bæta umbúnað, einnig fyrir tón- og myndsafn og að umönnun gripa þjóðdeildar. Þá var áfram unnið að könnun og skráningu á ástandi handrita með safnmarkinu Lbs.

MYNDASTOFA

Í myndastofu er unnið að stafrænni endurgerð blaða, tímarita og annars efnis, myndatöku að beiðni notenda safnsins, vegna sýninga og ýmissa atburða. Handrit voru meginhluti íslenska efnisins sem myndað var á árinu. Auk myndatöku sem fram fer í myndastofu er myndavél í Amtsbókasafninu á Akureyri og er vinnan þar hliðstæð við vinnu í myndastofu en þar eru aðallega mynduð dagblöð. Á árinu voru myndaðar 258.425 blaðsíður í myndastofu Landsbókasafns og 211.144 blaðsíður í Amtsbókasafninu.



Verk eftir Ástu Ólafsdóttur, án titils, frá 1992, í eigu Listasafns Íslands.



Heimsspekingurinn eftir Aðalheiði S. Eysteinsdóttur.

ÞJÓNUSTUSVIÐ

Þjónustusvið ber ábyrgð á allri almennri notendaþjónustu fyrir háskólasamfélagið og aðra sem þurfa að nýta sér heimildir, bæði í prentuðu og rafrænu formi. Þjónustusvið annast sérhæfða upplýsingaþjónustu og kennslu í upplýsingaleikni fyrir háskólanema, starfrækir námsbókasafn í tengslum við námskeið sem kennd eru við Háskóla Íslands og hefur umsjón með almennum lesrýmum safnsins og útibúum á háskólasvæðinu. Sviðið hefur umsjón með allri útlánastarfsemi, ritakosti á opnu rými og að sumu leyti í geymslum, sér um aðföng og skráningu erlendra bóka, tímarita og rafræna gagna ásamt því að hafa umsjón með Landsaðgangi að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum samkvæmt þjónustusamningi við menntamálaráðuneytið. Sviðið skiptist í tvær deildir, upplýsingadeild og útlánadeild, og hafa þær samvinnu um almenna notendaþjónustu safnsins og skipta með sér verkum. Í lok ársins voru starfsmenn sviðsins alls 34, en ársverk voru 27,10. Með sviðsstjóra voru í upplýsingadeild 11 starfsmenn í 9,5 stöðugildum og í útlánadeild voru 23 starfsmenn í 17,6 stöðugildum. Þar af voru 7 nemar í 3,43 stöðugildum.

SKEMMAN

Á árinu gerðist Háskólinn í Reykjavík aðili að Skemmuni. eru þá allir háskólar landsins orðnir aðilar nema Háskólinn að Hólum. Enn skila ekki allar lokaritgerðir sér í Skemmuna en hlutfallið hefur farið vaxandi. Á árinu skiluðu 1805 nemendur við Háskóla Íslands inn ritgerð í Skemmuna og skiptist fjöldinn á sviðin eins og hér segir: Félagsvísindasvið 733 nemendur, Heilbrigðisvísindasvið 228 nemendur, Hugvísindasvið 282 nemendur, Menntavísindasvið 391 nemandi, Verkfræði- og náttúruvísindasvið 171 nemandi. Ef námsstig er skoðað nánar var 1130 ritgerðum í grunnnámi, 661 meistaraþrúfritgerðum og 14 doktorsritgerðum skilað í Skemmuna. Auk þess var einni skýrslu skilað inn af starfsmönnum Háskóla Íslands á Verkfræði- og náttúruvísindasviði. Um-sjónarmenn Þjóðarspegilsins, ráðstefnu Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands, óskuðu eftir að birta ráðstefnu-rit sitt, *Rannsóknir í félagsvísindum XI*, í Skemmuni á árinu. Var það starfsmönnum Skemmunnar mikið ánægjuefni og voru alls skráðar inn 175 greinar sem tengdust ráðstefnunni. Var það svo kynnt 29. október í hófi á Háskólatorgi að ráðstefnunni lokinni. Unnið er að því að setja inn eldri ráðstefnurit.

UPPLÝSINGAÐEILD

Upplýsingaedeild ber ábyrgð á upplýsingaþjónustu safnsins á 2. hæð, hefur umsjón með handbókasafni, annast notendafræðslu við háskólasamfélagið og aðra safngesti og sér til þess að notendur hafi sem bestan aðgang að prentuðum og rafrænum upplýsingum. Aðrir verkþættir deildarinnar eru tímaritahald, umsjón með ISBN og ISSN númerakerfum, umsjón útibúa og Landsaðgangur að rafrænum gögnum.

UPPLÝSINGAÐJÓNUSTA

Dagleg umsvif upplýsingaþjónustunnar voru heldur minni en árið 2009 en það ár var mikið um aðstoð vegna Skemmunnar og timarit.is. Einstaklingsbundin leiðsögn um notkun rafrænna gagna, bæði í síma og á staðnum, var svipuð og undanfarin ár. Af þeim 1.909 bréfum sem bárust með tölvupósti voru 467 tekin til nánari úrvinnslu en 1389 var beint annað. Samtals voru ítarlegar fyrirspurnir í síma og á staðnum ásamt heimildaleitum gegn gjaldi 639.

NOTENDAFRÆÐSLA

Í upphafi vor- og haustmisseris voru kennarar Háskóla Íslands að venju hvattir til að panta safnkynningar fyrir nemendur sína og hefur hefð myndast fyrir slíkum kynningum í nokkrum deildum. Í mars og nóvember var boðið upp á röð námskeiða, óháð námsbrautum, þar sem áhersla var lögð á verklegar æfingar í tölvuveri. Þar voru einstök gagnasöfn og heimildaskráningarforritið EndNote kynnt og naut EndNote námskeiðið mikilla vinsælda. Ennfremur var boðið upp á nokkur námskeið fyrir kennara og starfsmenn HÍ í samvinnu við Kennslumiðstöð. Stundatafla og skráningareyðublöð voru sett á vef safnsins og námskeiðin auglýst á ýmsum póstlistum og á Uglunni. Að öðru leyti voru safnkynningar með líku sniði og undanfarin ár, þ.e. frumkynningar fyrir nýnema einstakra deilda og framhaldskynningar fyrir þá sem lengra eru komnir. Í frumkynningum er þjónusta og aðstaða í safninu kynnt ásamt *Gegni* og vef safnsins en í framhaldskynningum er farið í helstu atriði heimildaleitar og einstök gagnasöfn eru kynnt. Nokkuð er um kynningar fyrir nemendur annarra skóla. Samtals voru haldnar 100 kynningar og skoðunarferðir um safnið og sóttu þær 2618 manns.

BÆKLINGAR

Til stuðnings notendafræðslunni voru fimm nýir bæklingur gefnir út á vegum upplýsingaedeildar, 20 voru uppfærðir og nokkrir endurprentaðir án breytinga. Bæklingum safnsins er dreift í safnkynningum, auk þess liggja þeir frammi í útibúum og á öllum hæðum Bókhöðunnar.

AÐGANGUR AÐ STAFRÆNUM GÖGNUM

Aðgangur að stafrænum gögnum, tímaritum og gagnasöfnum er ýmist á landsvísu eða bundinn við tölvur á háskólanetinu. Nokkrar nýjar tímaritaáskriftir og bækur bættust við séráskriftir safnsins og Háskóla Íslands þ. á m. *Oxford dictionary of the Middle Ages* sem einnig er til í prentaðri útgáfu, nítján bækur í *MyLibrary* og gagnasafnið *ZentralblattMATH* sem fékkst á mjög hagstæðum kjörum. Þriggja mánaða prufu-aðgangur að rafrókum frá Springer á sviðum hug- og félagsvísinda hófst um miðjan desember. Fyrir utan stafrænt efni sem er í Landsaðgangi var í árslok 2010 aðgangur á háskólanetinu að eftirfarandi gagnasöfnum ýmist í séráskrift safnsins eða sameiginlegur með einstökum deildum HÍ:

ACM Portal, AnthroSource, CIOS (Com Abstracts), ELIN, Emerald, International Medieval Bibliography, Encyclopedia of Geology, Idunn.no, IEEExplore, JSTOR all collections, Lexikon des Mittelalters, LISA, MathSciNet, MLA, MyLibrary, Palgrave Dictionary of Economics, Philosopher's Index, PROLA, UN Treaty Collection, UNSTATS Common Database og Web Dewey.

Í félagi við aðra var aðgangur að:

ASCE, EconLit, Compendex, OECDilibrary, PsycArticles, Psyc -books og PsycInfo í OVID, þar af er *ASCE og Compendex* aðgengileg á landsvísu.

Erfitt er að fá tölur um heildarnotkun þessara gagna- og tímaritasafna. Úr þeim tímaritasöfnum sem hægt var að fá tölur um var náð í 33.778 greinar á árinu.

LANDSAÐGANGUR

Landsaðgangur að gagnasöfnum og stafrænum tímaritum er upplýsingaveita fyrir Ísland og veitir öllum sem tengjast Netinu hjá íslenskri netveitu, og eru staddir á landinu, aðgangur að þeim gagnasöfnum og stafrænu tímaritum sem samningar um áskrift gilda um. Vefurinn *hvar.is* er aðalþjónustuleið Landsaðgangs og þar eru m.a. veittar upplýsingar um gagnasöfnin, aðgangur að þeim og samninga við útgefendur. Samkvæmt þjónustusamningi við menntamálaráðuneyti sér safnið um framkvæmd samninga um Landsaðgang en fimm manna stjórnarnefnd skipuð við hlið landsbókavardar sér um stefnumótun, sam-

þykkir fjárhagsáætlun og ákveður hvaða efni eigi að vera í Landsaðgangi. Hún ákveður einnig skiptingu greiðslna. Engar nýjar áskriftir að tímarita- eða gagnasöfnum voru fengnar á árinu en í lok ársins var landsaðgangur að um 17.300 tímaritum í fullum texta. Heildarkostnaður var 232 millj. kr. Kostnaður við áskriftir var 220,4 millj. kr., þar af 44,2 millj. kr. fyrir gagnasöfn og 176,2 millj. kr. fyrir tímaritasöfn og rekstrarkostnaður var 11,6 millj. kr. Framlag af fjárlögum til Landsaðgangs var 35,5 millj. kr. og var 26,3 millj. kr. varið til greiðslu á aðgangi en framlag annarra greiðenda var 105 millj. kr. Sérstakt framlag ríkissjóðs til Landsaðgangsins vegna gengis krónunnar var 87,7 millj. kr. Notkun gagna- og tímaritasafna, að greinasafni Morgunblaðsins undanskildu, jókst um 1,68% á árinu. Heimsóknum í tilvísanasafnið Web of Science fjölgaði um 9,96% en leitum fækkaði um 6,15%. Auk hins eiginlega Landsaðgangs er aðgangur á öllu landinu að nokkrum gagnasöfnum fyrir tilstilli aðila sem kosta þau. Greiðslur vegna þeirra eru ekki teknar með í tölum um kostnað. Nánari upplýsingar er að finna á vefnum *hvar.is*.

ÚTIBÚ

Safnið starfrækir nokkur útibú í þágu Háskóla Íslands. Þau eru flest á háskólalóðinni eða í næsta nágrenni hennar. Norrænu lektorötin eru á skrifstofum lektoranna. Danska lektoratið er nú í Nýja Garði en það finnska var lagt niður og safngögn flutt í Þjóðarbókhöfðu. Snemma á árinu var útibúi safnsins fyrir Verkfræði- og raunvísindadeild í VR-II lokað. Flestar bækur voru fluttar í Þjóðarbókhöfðu en stærðfræðibækur og hluti bókakostsins í eðlisfræði voru fluttar í lokað rými í Tæknigarði. Þar hafa kennarar í greinunum aðgang en bækurnar eru ekki lánaðar út. Af bókunum sem voru fluttar í Þjóðarbókhöfðu eru flestar til útláns í safninu en hluta bókana var fargað, hluti gefinn til Keilis og hluti fluttur í geymslu safnsins í Mjódd. Hluti tímarita var flutt í Þjóðarbókhöfðu en hluti var settur í geymslu í VRI. Í Lögbergi er veitt þjónusta tiltekinn tíma dag hvern. Í Öskju hefur bókavörður fasta viðvist einu sinni í viku. Í flestum útibúum er þó aðeins um að ræða umsjón sem felst í reglubundnum eftirlitsferðum einu sinni til tvisvar í viku eða sjaldnar. Sú megin- stefna hefur verið mörkuð að útibúin verði handbókasöfn og ritakostur þar ekki til útláns. Þau skulu einkum þjóna kennurum og sérfræðingum en stúdentum verði fremur beint í Þjóðarbókhöfðu. Í árslok voru eftirfarandi útibú starfrækt:

Askja. Tímarit og uppsláttarrit í jarðfræði, landafræði og líffræði.

Árnagarður. Lokað bókastofa hugvísindadeildar á 3. hæð, ætluð kennurum og nemendum í MA eða doktorsnámi í íslenskum fræðum.

Bókastofa Hugvísindastofnunar Á 3. hæð aðalbyggingar HÍ er lokað handbókasafn kennara í hugvísindadeild.

Bókastofa í Tæknigarði. Lokað handbókasafn kennara og nemenda í framhaldsnámi á sviði stærðfræði og eðlisfræði.

Hagi við Hofsvallagötu. Handbókasafn kennara og nemenda í lyfjafræði og handbókasafn starfsmanna Rannsóknarstofu í lyfjafræði.

Lögberg. Bókasafn lagadeildar í Lögbergi.

Norræna húsið. Bókasöfn sem tengjast kennslu í norsku og sænsku eru til húsa á skrifstofum viðkomandi lektors í Norræna húsinu.

Nýi Garður. Danska lektoratið er á skrifstofu lektorsins og útlán í samkomulagi við hann.

Raunvísindastofnun Háskólans, Dunhaga 3. Handbóka- og tímaritasafn starfsmanna stofnunarinnar.

VR-III er handbóka- og tímaritasafn kennara í raunvísindum.

TÍMARITAHALD

Tímaritahald sér um innkaup og umsýslu tímarita fyrir HÍ. Ákvörðun um hvaða efni er keypt er að mestu hjá kennurum HÍ og miðast við það fé sem einstakar deildir ákveða til ritakaupa. Á árinu 2010 var 341 tímaritaáskrift greidd fyrir HÍ og 317 af ritakaupafé safnsins, samtals 658 titlar. Áskriftum hefur fækkað um 89 titla frá fyrra ári þótt heildarkostnaður hafi aukist umtalsvert. Að auki koma mörg tímarit að gjöf eða í ritaskiptum.

TÍMARITASKRÁ A– Ö

Safnið notar kerfið *TDnet* til að hafa umsjón með tímaritum og í þeirri skrá, *Tímaritaskrá A–Ö*, er nú aðgangur að rúmlega 27 þúsund titlum. Annars vegar er um að ræða erlend tímarit í Landsaðgangi (u.þ.b. 17.300 titlar), séráskriftir safnsins og fjölda ritrýndra tímarita sem eru öllum opin. Hins vegar eru í skránni rafræn íslensk tímarit, einkum þau sem eru í *tímarit.is*, og upplýsingar um prentuð tímarit í áskrift safnsins frá og með 2004 ásamt tengingu við Gegni. Einnig eru krækjur við efnisyfirlit prentaðra tímarita þegar þess er kostur. Í skránni eru nú RSS hnappar sem veita aðgang að árveknipjónustu og tenglar við *Journal Citation Report (JCR)*, þegar það á við en JCR veitir upplýsingar um áhrifastuðul tiltekinnar fræðitímarita. Krækjukerfi *TDnet* hefur verið sett

upp í flestum gagnasöfnum sem safnið hefur aðgang að. Krækjukerfið tengir við heildartexta þeirra tímarita sem safnið hefur aðgang að samkvæmt skránni. Uppflettingar í skránni voru samtals 64.466 á árinu.

Notendur á háskólanetinu geta ennfremur sett upp eigið svæði, „Mínar síður“ í tímaritaskránni og myndað safn með uppáhaldstímaritunum sínum og leitað að efni í því (article search), þantað árveknipjónustu o.fl. Leitarkerfið *Searcher/analyzer* sem einnig er frá TDnet hefur verið í notkun frá árinu 2006. Það gerir kleift að leita samtímis í fleiri en einu gagnasafni, svonefnd samleit.

ALÞJÓÐLEGT BÓKNÚMER ISBN

Fjöldi nýrra forlagsraða var á árinu 66. Upplýsingar um einstaklinga sem fá ISBN númer eru nú skráðar í alþjóðlega forlagaskrá PIID. Heildarskrá yfir íslenska útgefendur, sem send var til alþjóðaskrifstofunnar í júní, inniheldur 1.426 færslur.


ALÞJÓÐLEGT TÍMARITSNÚMER ISSN

Alls var 39 ISSN númeri úthlutað á árinu. Þar af voru 8 fyrir tímarit í rafrænni útgáfu en 103 rafræn íslensk tímarit hafa fengið ISSN númer frá upphafi. Heildarfjöldi færslna fyrir íslensk tímarit í ISSN skránni er 1.439.

MILLISAFNALÁN

Innleiddur var nýr kerfisþáttur fyrir millisafnalán á árinu í samvinnu við Landskerfi bókasafna og háskólabókasafna á Íslandi. Kerfið sem tekið var í notkun 1. október er fyllilega ISO staðlað þannig að beiðnir geta farið sjálfvirkt milli íslensku háskólabókasafnanna. Þetta hefur stýtt biðtíma

lánþega eftir ritum frá innlendu háskólabókasöfnunum þó nokkuð. Heildarfjöldi beiðna var 4.218, af þeim voru afgreiddar 3.677 eða 87,2%. Er greinilegt að beiðnum um tímaritsgreinar fer fækkandi ár frá ári en umsýsla með bókalánunum eykst á hverju ári allnokkuð, en þó mest milli innlendu háskólabókasafnanna. Meira er um almenna upplýsingaþjónustu en áður vegna greinabeiðna sem koma frá notendum úr SFX og TDnet kerfunum. Nokkuð er um að fólk hafi ekki leitað nægilega vel og fær þá sendar upplýsingar um hvar hægt sé að nálgast viðkomandi grein í stað þess að hún sé þöntuð frá öðru safni. Þessar beiðnir eru meðtaldar í heildarfjölda beiðna og skýra lægra hlutfall afgreiddra beiðna en áður hefur verið. Úr safnkosti Lbs-Hbs voru samtals afgreidd 1.279 gögn á árinu Alls voru afgreiddar 706 greinar. 543 þeirra voru sendar úr safninu til annarra bókasafna þar af 392 til innlendra og 151 til erlendra safna. En deildin afgreiddi alls 163 greinar í greinaþjónustu til starfsmanna HÍ og almennra borgara. 573 bækur voru sendar á árinu úr ritakosti Lbs-Hbs til annarra safna, þar af fóru 546 til innlendra safna, en 27 bækur fóru til erlendra safna. Til Lbs-Hbs bárust alls 2.398 gögn á árinu frá öðrum söfnum. Þau skiptast þannig að 1.031 grein barst og bækur sem bárust frá öðrum söfnum voru 1.367 og er þar um nokkra aukningu að ræða eða rúm 10%. Sem fyrr eru norrænu NORDKVIK bókasöfnin og Subito í Þýskalandi okkar helstu birgjar í greinaþjónustu. Flestar bækur komu frá innlendum söfnum eða 376 talsins, eða um 27,5% af heild og er það einnig nokkur aukning frá fyrra ári. Stöðug aukning hefur verið í bókaskiptum milli íslensku safnanna frá tilkomu Gagnis árið 2003 en þá fékk Lbs-Hbs aðeins 33 bækur að láni frá íslenskum söfnum og er því um nokkur hundruð prósentu aukningu að ræða á þessum sjö árum.



ÚTLÁNADEILD

Útlánadeild sér um lánastarfsemi safnsins, hefur umsjón með gögnum á opnu rými og í geymslum, sér um aðföng til sviðsins og flokkun, skráningu, lyklun og frágang ritakostsins. Deildin starfrækir námsbókasafn fyrir HÍ, varðveitir safn lokaritgerða nemenda við HÍ og sér um almenna upplýsingaþjónustu á 2., 3. og 4. hæð. Deildin hefur jafnframt umsjón með lesrýmum og úthlutun lesherbergja. Útlánadeild hefur haft umsjón með Skemmunni, rafrænu gagnasafni háskólanna í landinu, fyrir Félagsvísindasvið, Heilbrigðisvísindasvið, Hugvísindasvið og Verkfræði- og náttúruvísindasvið Háskóla Íslands frá og með haustinu 2008.

NOTENDAÞJÓNUSTA – AFGREIÐSLA

Vaktstöðvar útlánadeildar í safninu eru fjórar. Á 2. hæð er almenn afgangiðsla. Á 3. hæð eru veittar upplýsingar um blaða- og tímaritakost safnsins og lokaritgerðir nemenda við HÍ. Á 4. hæð eru veittar upplýsingar um bókakost safnsins, og veitt þjónusta við notendur tón- og myndsafns. Þar er og námsbókasafn á opnu rými. Í kjallara eru afgreidd rit sem safngestir biðja um úr geymslum.

AFGREIÐSLUTÍMI



Safnið var opið tæpa 80 tíma á viku yfir vetrartímann. Sumartími var í gildi frá 16. maí til 31. ágúst og var safnið þá opið 40-44 tíma á viku. Lokað var á laugardögum frá 19. júní til 31. júlí. Sami afgreiðslutími var einnig yfir jól og áramót. Afgreiðslutíminn var lengdur um 6 tíma á viku vegna prófa í apríl/maí og í nóvember/desember.

REDITAKOSTUR

Flest rit útlánadeildar eru á opnu rými á 4. hæð safnsins en hluti ritakostsins er í geymslum í kjallara hússins og í Mjódd. Ekki eru öll rit lánuð út og má þar nefna rit sem gefin voru út fyrir 1910, tímarit, handbækur, barnabækur, þýdda reyfara, smáprent og að sumu leyti stofnanaprent.

ÚTLÁN OG INNHEIMTA

Lánþegar voru alls 16.331 í lok árs en tölvuskráð útlán voru 64.476. Þar af voru útlán í námsbókasafni 5.575 og í tón- og myndsafni 1.828. Aukning lánþegafjöldi miðað við 2009 skýrist af því að allir nemar Háskóla Íslands voru lesnir inn í bókasafnskerfið Gegni úr nemendaskrá Háskólans í fyrsta sinn, óháð því hvort þeir nota safnið eða ekki. Í því fólst mikill vinnusparnaður fyrir starfsmenn safnsins. Á eftirfarandi kökuritum sjást helstu hópar lánþega og hvernig útlán skiptast milli þeirra.



Innheimta vanskilagagna gengur vel eftir að samstarf hófst við Intrum (nú Motus) á Íslandi.

ÚTGÁFA


Nokkur útgáfa á bæklingum á sér stað innan deildarinnar og eru þeir helst ætlaðir lánþegum safnsins.

TALNINGAR

Til að fylgjast með nýtingu lessæta á 3. og 4. hæð er fjöldi gesta talinn reglulega, þ.e. á kvöldin, um helgar og að degi til í fyrstu viku hvers mánaðar. Niðurstöður koma fram í línuritum á bls. 34.

LESRÝMI

Í safninu eru um 700 sæti fyrir þá sem vilja hafa afnot af gögnum safnsins með einum eða öðrum hætti. Á 3. og 4. hæð er almennt lesrými með 408 lessætum við borð, þar af 25 til 30 sæti í hópvinnumherbergjum. Þar eru einnig rúmlega 80 lágsæti bæði við lágborð og í tón- og myndsafni. Lesrýmið er mest notað af nemum HÍ og er því nýting eðlilega mest á próftímum. Einnig er góð nýting meðan kennsla stendur yfir. Í safninu eru 28 lesherbergi sem safngestir geta fengið afnot af til ákveðins tíma. Mikil eftirspurn er eftir þessum herbergjum og eru þau nánast fullnýtt allt árið. Alls hafði 106 safngestur afnot af lesherbergi á árinu (sjá kökurit). Eitt lesherbergi er ætlað fötludum og annað sjónskertum til almennrar notkunar.



NÁMSBÓKASAFN

Námsbókasafn er safn bóka, ljósrita og annars efnis sem kennarar við HÍ hafa óskað eftir að sé aðgengilegt nemendum í tengslum við tiltekin námskeið sem eru kennd við Háskólann. Efnid er þá sett í hillur merktar viðkomandi námskeiði og lánstíminn takmarkaður. Námsbókasafnið er í opnu rými á 4. hæð safnsins. Gögn námsbókasafnsins eru ýmist til notkunar á staðnum, á dægurláni, þriggja daga láni, vikuláni eða tveggja vikna láni. Á vormisseri voru skráð 112 námskeið, sumarnámskeið voru 6 og haustmisseri 126. Ótalin eru námskeið þar sem aðeins er um að ræða ítarefni í möppum frá kennurum. Þá eru ekki heldur inni í þessum tölum 250 DVD diskar og VHS spólur sem vou teknar til hliðar í námsbókasafnið og merktar námskeiðum en þessi notkun námsbókasafns færir stöðugt í aukana. Kennarar á Hugvísindasviði og Félagsvísindasviði nota námsbókasafnið áberandi mest. Á árinu voru námskeiðin 149 á Hugvísindasviði og 74 á Félagsvísindasviði. Önnur svið sem voru með bækur á námsbókasafninu voru Heilbrigðisvísindasvið (7), Verkfræði- og náttúruvísindasvið (10) og Menntavísindasvið (4). Eintök í námsbóka

safni voru 2.837 á vormisseri og 2.738 á haustmisseri. Útlán úr námsbókasafni voru 5.575 á árinu. Misjafnt er hvort kennarar hafi efni í námsbókasafni til útláns eða aðeins til notkunar á staðnum. Æ fleiri kennarar velja síðari kostinn. Þá hafa fleiri kost á að lesa ritin en ef þau eru lánuð út.

ERLEND SKRÁNING, LYKLUN OG FLOKKUN

Meginverkefni faghópsins er flokkun, lyklun og skráning á erlendu efni sem keypt er fyrir deildir HÍ og safnið; ennfremur efni sem berst í bókgjöfum og í ritaskiptum. Einnig sér faghópurinn að hluta til um flokkun og lyklun á erlendum ritauka þjóðdeildar og skráir kafla úr erlendum bókum sem innihalda efni er varða Ísland eða er eftir Íslandingu. Þá sér hópurinn um skráningu og lyklun á námsritgerðum frá HÍ. Á árinu var áfram unnið að ýmsum lagfæringum og leiðréttingum svo sem sameiningu efnisorða og sameiningu ritraða í Gegni. Einnig fór fram nafnmyndavinna vegna lokaritgerða. Einn starfsmaður faghópsins tekur þátt í kennslu á vegum Landskerfis bókasafna og á sæti í ritstjórn *Handbókar skrásetjara Gegnis*. Nokkuð var unnið að endurflokkun skv. 22. útg. Dewey. Áfram var haldið að flokka og skrá efni frá Tungumálamiðstöð. Um er að ræða bækur og kvikmyndir og í þetta sinn var tekið fyrir efni á þýsku. Aðeins er hægt að vinna við þetta efni utan skólaársins og sú ákvörðun hefur verið tekin að flokka og skrá efni á einu tilteknu tungumáli á ári. Þá voru einnig flokkaðar og skráðar þrjár stórar bókgjafir á árinu. Tvær gjafir voru í lögfræði: annars vegar bækur Ármanns Snævarr prófessors og hins vegar bækur Hans G. Andersen sendiherra. Þessar bækur eru í útibúi safnsins í Lögbergi. Þriðja gjöfin var gjöf stærðfræðibóka úr dánarbúi H. Orde stærðfræðiprófessors í London. Bækurnar bárust safninu árið 2006 en ekki vannst tími til að ljúka skráningu þeirra fyrr en á þessu ári. Stærðfræðibókunum var komið fyrir í nýju útibúi í Tæknigarði.

AÐFÖNG

Einingin annast uppbyggingu ritakosts í þágu háskólanáms og rannsókna í samvinnu við háskóla-kennara. Um er að ræða val og kaup á bókum og öðru efni, svo sem kvikmyndum og rafrænu efni. Hún hefur einnig umsjón með ritaskiptum við nokkrar erlendar stofnanir og sér um móttöku og úrvinnslu gjafa er safninu berast.

RITAKAUP HÍ

Árið 2010 var fjárveiting frá einstökum sviðum eða deildum Háskóla Íslands til safnsins vegna ritakaupa sem hér segir: Félagsvísindasvið 17,4 millj. kr., Hugvísindasvið 6 millj. kr. og Verkfræði- og náttúruvísindasvið 12,9 millj. kr. Frá Heilbrigðisvísindasviði kom fjármagn til ritakaupa frá lyfjafræðideild, sálfræðideild og tannlæknadeild, samtals 4,3 millj. kr. Heildarupphæðin er 40,6 millj. kr. Þessu fé er ráðstafað í tímarit, bækur og önnur gögn á fræðasviðum Háskóla Íslands í náinni samvinnu við háskólakennara eða bókasafnsfulltrúa. Kostnaður vegna séráskrifta einstakra deilda HÍ að stafrænum gögnum var um 8,6 millj. kr. Að auki greiddi HÍ miðlægt um 34,1 millj. kr. vegna Landsaðgangs að stafrænum tímaritum og gagnasöfnum. Keypt gögn voru alls 1.685 á árinu, þar af voru 1.456 bækur, 33 hljóðbækur, 175 mynddiskar og 21 geisladiskur.

GJAFIR

Að venju bárust safninu margar góðar gjafir á árinu. Af íslenskum bókagefendum ber helst að nefna erfingja Unnar Andrésdóttur og Teits Guðmundssonar, fjölskyldu Ármanns Snævarr, erfingja Halldórs Bjarnasonar háskólakennara, fjölskyldu Magnúsar Torfa Ólafssonar og Kristófer Svavarsson. The Japan Foundation gaf safninu enn eitt árið veglega bókagjöf til styrktar japönskukennslu við HÍ og safnið fékk einnig bækur að gjöf frá Goethe Institut og svissnesku menningarstofnuninni Pro Helvetia. Bóksala stúdenta gefur safninu reglulega góðar nýlegar bækur og ýmsir kennarar færa safninu bækur að gjöf. Á árinu var gert átak í að ljúka við að vinna úr gömlum gjöfum úr Mjóddinni. Skráð gjafaeintök voru alls 4326 á árinu, þar af voru 4210 bækur og 116 mynddiskar.



BONIS
Bibliography of Old Norse-Icelandic Studies


ÁRSTÖLUR

Í lok árs eru teknar saman og birtar tölur um notendur og þjónustu við þá. Einnig tölur um safnkost, aðföng og ýmsa rekstrarþætti, svo sem starfsemi myndastofu og bókbands, um starfsmenn og fjárhag safnsins. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á framsetningu tölfræði undanfarin ár, bæði til einföldunar og í takt við breytta starfsemi safnsins.

NOTENDUR OG ÞJÓNUSTA

Notendur safnsins eru bæði þeir sem koma í safnið og þeir sem nota vefi safnsins. Lesendur á lessal handrita- deildar og þjóðdeildar eru taldir en þar sem ekki er hægt að telja þá sem koma í safnið eru notendur á opnum rýmum 3. og 4. hæðar taldir fyrstu viku hvers mánaðar. Á virkum degi á próftíma eru um 400 notendur á 3. og 4. hæð þegar flest er.

TALNING Á FJÖLDA GESTA Á 3. OG 4. HÆÐ SAMANBURÐUR 2008 TIL 2010



NOTKUN Á VEFJUM SAFNSINS

	Notendur		Flettingar	
	2009	2010	2009	2010
timarit.is	163.545	412.777	4.654.560	7.128.572
landsbokasafn.is	141.692	119.115	580.316	508.196
skemman.is	67.774	133.149	673.272	1.433.196
vefsafn.is	17.143	9.509	205.711	121.924
doktor.bok.hi.is	16.342	14.752	52.974	42.345
utgafuskra.is	11.844	8.421	24.982	18.328
jonashallgrimsson.is	11.206	7.729	44.591	33.818
Islandskort.is, áður kort.bok.hi.is	8.275	12.511	76.657	88.762
sagnanet.is	8.001	5.921	18.774	15.261
hask.bok.hi.is	3.113	1.674	59.613	49.036
kvennasogusafn.is	1.436	1.262	6.019	5.671
hvar.is (Landsaðgangur)	93.524	59.830	299.870	261.870
handrit.is – nýr vefur í apríl 2010		19.438		200.199
bækur.is – nýr vefur í desember 2010		1.321		17.153
Samtals 14 vefir	543.895	807.409	6.697.339	9.924.331

Heildarumferð á vefina, mæld sem samanlagður fjöldi mánaðarlegra notenda fyrir þá alla, hefur tæplega fjórfaldast frá 2007. Fjöldi vefja sem safnið heldur úti hefur á sama tíma farið úr 8 í 14. Þar munar mestu um mikla aukningu á notkun *timarit.is* sem heldur áfram að bæta við sig og er nú í kringum 20. sætið yfir mest notuðu íslensku vefina. Notkun *timarit.is* er rúmlega helmingur heildarnotkunar á vefjum safnsins.

NOTKUN Á STAFRÆNUM GAGNA- OG TÍMARITASÖFNUM

	2007	2008	2009	2010
Samtals sóttar greinar í Landsaðgangi ¹	850.871	837.105	892.277	907.294
Samtals sóttar greinar í gagnasafn Morgunbl. ²	58.000	625.525	667.546	2.004.420
Samtals sóttar greinar í séráskriftum HÍ ³		18.300	18.682	33.778
Samtals sóttar greinar	908.871	1.480.930	1.578.505	2.945.492

FJÖLDI LÁNÞEGASKÍRTEINA

	2007	2008	2009	2010
Nemar HÍ	2.889	3.268	5.079	3.292
Starfsmenn HÍ og Lbs-Hbs	606	933	1.005	941
Nemar utan HÍ	799	715	843	705
Aðrir lánþegar	924	963	1.087	941
Samtals	5.218	5.879	8.014	5.879

¹ Í ársskýrslu Landsaðgangs á vefnum *hvar.is* er að finna nánari upplýsingar um notkun á stafrænu söfnunum.

² Seint á árinu 2007 kom í ljós að sóttar greinar voru ekki taldar nema að óverulegu leyti. Úr þessu var bætt og það ásamt ýmsum aðgerðum Árvakurs hf til að auka notkun á greinasafninu skýrir aukninguna.

³ Tölur um notkun á séráskriftum HÍ ná aðeins til hluta safnanna en ekki er hægt að fá tölur úr þeim öllum (sjá bls. 28).

LESTRARSALUR HANDRITAEILDAR OG ÞJÓÐEILDAR

Fjöldi gesta	2007	2008	2009	2010
Samtals	7.270	7.010	7.350	7.050

ÚTLÁN

	2007	2008	2009	2010
Útlánadeild – Þjóðarbókhlaða og útibú				
Stúdentar HÍ	39.751	38.916	45.436	43.899
Starfsmenn HÍ og Lbs-Hbs	8.175	8.095	8.505	8.448
Nemar utan HÍ	5.183	4.212	5.025	3.240
Aðrir lánþegar	8.767	9.374	8.760	8.889
Samtals	61.876	60.597	67.729	64.476
Þjóðdeildarefni lánað á lestrarsal	8.812	9.323	9.444	9.215
Handrit lánuð á lestrarsal	2.968	3.344	3.868	3.189
Tón- og myndsafn				
Hljóðrit – útlán	213	103	48	39
Myndefni – útlán	910	904	1.170	1.237
Tölvugögn – útlán	110	121	56	55
Nótur – útlán (fyrst talið 2008)		244	100	93
Myndefni – áhorf	856	312	257	210
Hljóðrit – hlustun	667	280	174	194
Samtals	14.536	14.631	15.117	14.232
Heildarútlán	76.412	75.228	82.846	78.708

MILLISAFNALÁN

	2007	2008	2009	2010
Til bókasafnsins				
Bækur, filmur o.fl.	1.093	1.062	1.237	1.367
Ljósrit	1.452	1.388	1.130	1.031
Frá bókasafninu				
Bækur, filmur o.fl.	595	662	652	573
Ljósrit	795	888	914	706
Samtals	3.935	3.994	3.933	3.677
Millisafnalán til handritadeildar	23	20	24	71
Millisafnalán frá handritadeild	154	71	90	47
Samtals í handritadeild	177	91	114	118
Millisafnalán í heild	4.112	4.085	4.021	3.795

PRENTUN OG LJÓSRITUN SAFNGESTA

Fjöldi blaðsíðna	2007	2008	2009	2010
Prentun	196.412	322.656	403.526	210.799
Ljósritun	363.758	372.821	455.213	373.435

UPPLÝSINGAÞJÓNUSTA

	2007	2008	2009	2010
Fjöldi gesta á safnkynningum				
Frumkynningar fyrir HÍ	1.221	1.051	1.490	1.386
Framhaldskynningar fyrir HÍ	827	768	1.037	991
Aðrir	356	195	159	241
Samtals	2.404	2.014	2.686	2.618
Fjöldi safnkynninga				
Frumkynningar fyrir HÍ	29	44	36	34
Framhaldskynningar fyrir HÍ	47	58	54	48
Aðrir	21	11	17	18
Samtals	97	113	107	100
Bæklingar				
Nýir	2	2	5	5
Endurútgáfa	39	12	25	20
Samtals	41	14	30	25
Fyrirspurnir	2007	2008	2009	2010
Upplýsingadeild				
Tölvupóstur	498	423	607	467
Í síma eða á staðnum	98	91	214	611
Heimildaleitir	25	25	30	28
Tón- og myndsafn	53	21	29	25
Þjóðdeild	31	42	32	24
Samtals	705	602	912	1.155



Úr geymslum handritadeildar.

SAFNKOSTUR OG REKSTUR

AÐFÖNG

Skylduskil⁴	2007	2008	2009	2010
Bækur (rit skráð sem bækur)	6.325	7.794	7.349	6.156
Tímarit (hefti)	9.131	8.626	8.598	6.916
Blöð (tölublöð)	9.601	7.602	5.592	4.003
Ársskýrslur	648	580	630	719
Veggspjöld	897	583	456	224
Landakort	98	77	68	99
Smælki	8.660	9.560	9.000	7.552
Hljóðrit ⁵	887	680	750	800
Myndbönd og mynddiskar ⁶	52	72	72	107
Hljóðbækur	120	31	120	121
Margmiðlunardiskar/tölvugögn		2	3	0
Stafrænt efni (PDF-skrár)			2.492	491
Vefsöfnun – fjöldi skjala í þúsundum	2007	2008	2009	2010
Heildarsafnanir	77.495	153.540	228.886	208.744
Vikulegar safnanir	42.640	49.289	93.088	95.630
Atburðasafnanir	25.871	0	36.658	36.944
Samtals fjöldi skjala í þúsundum	145.946	202.829	358.632	341.318
Önnur aðföng	2007	2008	2009	2010
Bækur, keyptar	3.085	2.923	1.837	1.456
Bækur, gjafir/ritaskipti	3.029	3.534	3.829	4.210
Erlend tímarit, keypt í Lbs-Hbs	758	737	624	220
Erlend tímarit, keypt af stofnunum HÍ	50	56	52	50
Erlend tímarit, gjafir/ritaskipti	680	550	500	400
Eldri árgangar tímarita	387	175	129	34
Íslensk tímarit, keypt	103	124	123	106
Íslensk tímarit, gjafir	35	45	47	53
Hljóðrit, keypt	93	58	88	54
Hljóðrit, gjafir	30	2	12	54
Myndbönd og mynddiskar, keypt	146	264	291	175
Myndbönd og mynddiskar, gjafir	122	122	21	236
Hljóðbækur				33
Aðföng handritadeildar	55	41	61	50

⁴ Hér eru talin þau þrjú eintök sem varðveitt eru í Lbs-Hbs af bókum, dagblöðum, hljóðbókum og margmiðlunardiskum en tvö eintök eru varðveitt af smælki og veggspjöldum. Tölur um smælki eru áætlaðar.

⁵ Um er að ræða 323 titla en í flestum tilfellum berast 3 eintök af hverjum titli og er eitt þeirra varðveitt í Amtsbókasafninu á Akureyri. Hér eru taldir með 138 titlar sem einstaklingar, kórar og hljómsveitir hafa gefið út á eigin vegum.

⁶ Þ.e. titlar.

MYNDASTOFA

	2007	2008	2009	2010
Fjöldi örfilma (dagblöð) ⁷	111	0	0	0
Stafrænar myndir (fjöldi blaðsíðna) ⁸				
Blöð og tímarit	531.508	651.436	543.777	302.258
Bækur	120	4.136	7.807	57.434
Handrit	3.037	16.697	82.335	109.877
Samtals fjöldi blaðsíðna	533.655	672.269	633.919	469.569

BÓKBANDSVERK

	2007	2008	2009	2010
Einingar	41.030	42.908	54.865	48.226

ALÞJÓÐLEG BÓK- OG TÍMARITSNÚMER

ISSN-tímaritsnúmer	2007	2008	2009	2010
Fjöldi stakra númera	78	41	41	39
ISBN-bóknúmer				
Fjöldi forlagsraða	63	74	63	66
Fjöldi stakra númera	165	178	113	180

YFIRLIT YFIR ÁRSVERK STARFSMANNA SKIPT Á STARFSEININGAR

	2007	2008	2009	2010
Skrifstofa landsbókavarðar	6.00	7.50	8.50	7,5
Húsrekstur	4.00	4.25	4.25	4.25
Tölvuþjónusta	4.00	4.00	5.00	4.00
Handritadeild	6.75	5.00	5.00	5,75
Þjóðdeild	21.15	20.75	18.03	18.75
Bókband og viðgerðarstofa	4.00	4.00	4.10	3.90
Kvennasögusafn Íslands	1.00	1.00	1.00	0.80
Myndastofa	5.17	4.67	4.67	4.00
Varaeintakasafn	1.00	0.70	0.80	0.50
Útlánadeild	17.20	19.16	18.17	17.60
Upplýsingadeild	11.00	9.70	8.20	7.70
Landsaðgangur	1.00	1.00	1.00	1.00
Útibú	1.03	1.25	0.80	0.80
Samtals ársverk	82.30	82.98	79.52	76.55
Flokkun starfsmanna (ársverk)	2007	2008	2009	2010
Bókasafnsfræðingar	28.90	30.05	25.60	26.35
Bókaverðir með háskólapróf	24.20	22.00	27.23	23.48
Aðrir bókaverðir	15.13	14.01	10.87	10.90
Aðstoðar- og skrifstofufólk	7.77	8.52	7.92	7.92
Aðrir starfsmenn	6.30	8.40	7.90	7.90
Samtals stöðugildi	82.30	82.98	79.52	76.55

⁷ Árið 2005 hætti safnið að mynda safnefni á örfilmur en árið 2007 voru gerð afrit samkvæmt pöntun erlendis frá.

⁸ Í Amtsbókasafninu á Akureyri voru myndaðar 258.425 bls. og 211.144 bls. í Þjóðarbókhöðu.

REKSTRARGJÖLD (Í ÞÚS. KRÓNA)

	2007	2008	2009	2010
Laun	367.001	407.999	404.475	418.110
Ritakaup og aðgangur að rafrænum gögnum	158.247	166.322	262.153	292.795
Önnur gjöld	190.516	224.034	267.698	269.631
Samtals	715.764	798.355	934.326	980.536
Hlutfallstölur		2008	2009	2010
Laun	51.3	51.1	43.3	42.7
Ritakaup	22.1	20.8	28.1	32.8
Önnur gjöld	26.6	28.1	28.6	24.5

REKSTRARREIKNINGUR (Í ÞÚS. KRÓNA)

Tekjur	2009	2010
Framlag Háskóla Íslands til ritakaupa	48.451	53.429
Innheimt vegna Landsaðgangs að stafrænum gögnum og tímaritum	108.146	107.734
Aðrar tekjur	64.548	163.378
Af fjárlögum	725.874	657.959
Samtals	947.019	982.500
Gjöld		
Laun	404.475	418.110
Rekstur húsnæðis	119.892	119.007
Ritakaup og aðgangur að rafrænum gögnum	70.344	72.380
Landsaðgangur að stafrænum gögnum og tímaritum	191.809	220.415
Kostnaður vegna bókasafnskerfa (Landskerfi bókasafna og fleira)	19.359	21.125
Rekstur tölvu- og tækjabúnaðar	26.248	23.039
Önnur gjöld	102.199	106.460
Samtals	934.326	980.536
Rekstrarafgangur	12.693	1.964



Bókhlaðan – bezt af öllu.